

Fyrsti eigandi: Guðbrandur Skarphéðinsson
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteyppt útihús

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: Geymsla



Fjárhúsin/geymslan 1992, Þjóðskjalasafn Ísl.



Fjárhúsin/geymslan haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyppt	Steinsteyppt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyppt	Steinsteyppt		
Útlit:	Einlyft; Kjallari	Einlyft; Kjallari		

Saga:

Stór fjárhús standa nú á svipuðum slóðum bærinn í Dagverðarnesi stóð allt fram til 1937. Húsin voru byggð árið 1978 sem fjárhús með áburðarkjallara og voru fyrir 440 fjár samkvæmt Byggðum Borgarfjarðar (bls. 223). Í dag eru húsin notuð sem geymsla fyrir vélar og áhöld; kajaka, kerrur og snjóketi. Húsið er steinsteyppt með bárujárni á mænisþaki. Báðir gaflar hússins eru klæddir máluðum krossviði. Stórar bílskúrsdyr eru á vesturgafli. Á austurgafli eru tvennar bílskúrsdyr inn á gólf kjallarans. Á suðurhlíð hússins eru nokkur fjöldi glugga, á báðum hæðum þess. Milligólf er úr timbri en það nær ekki eftir allri lengd hússins. Húsið virðist vera í góðu lagi og er snyrtilega gengið um það.

Varðveislumat:		
Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einfalt útihús með lítið listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af sögu jarðar en ekki mikið menningarsögulegt gildi þess fyrir utan.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af sögu jarðar og er hluti af húsabyrpingu á bæjartorfunni en ekki mikið gildi þess fyrir utan.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin virðast fremur lítið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsin eru í mjög góðu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af húsabyrpingu á bæjarstæði lögbýlis en þau hafa ekki mikið varðveislugildi í sjálfa sér.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Guðbrandur Skarphéðinsson

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Íbúðarhúsið 1992, Þjóðskjalasafn Íslands



Íbúðarhúsið í Dagverðarnesi, haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Reykháfur; Útitröppur; Kjallari	Einlyft; Reykháfur; Útitröppur; Kjallari		

Saga:

Um aldamótin 1900 stóðu bæjarhúsin í Dagverðarnesi um 40 m austan við núverandi íbúðarhús, þar sem nú eru aflögð fjárhús með áburðarkjallara notuð sem geymsla. Gamli bærinn var rifinn 1937 og var þá nýtt, steinsteypt hús (með kjallara) byggt 10-20 m vestar, á milli núverandi íbúðarhúss og elsta bæjarstæðis. Byggingarár hússins er 1945 skv. Byggðum Borgarfjarðar en ætla má að það hafi verið risið nokkrum árum fyrr. Samkvæmt húsavirðingu frá 1940 var húsið sem þá stóð steinsteypt kjallari og hæð og 7,4 x 4 m að stærð. Önnur hliðin í hæðinni var úr timbri og þak úr járn. Á húsinu var inngangsskúr 7,4 x 2,5 m með torfveggjum á tvo vegu og frambíl úr timbri, járnvarið. (Byggingalýsingar 1940, Skorradalshreppur). Árið 1970 var svo enn byggt nýtt íbúðarhús og stendur það enn og er það hús sem hér er skráð. Eldra íbúðarhúsið (það sem byggt var rétt fyrir 1940) stóð hins vegar áfram allt fram yfir 2000 en þá var það jafnað við jörðu. Núverandi íbúðarhús í Dagverðarnesi er steypt og 568 m3 skv. Byggðum Borgarfjarðar (bls. 223) en stærðar ekki getið í fasteignamati. Húsið er einlyft með lágreistu mænisþaki. Það er á háum kjallara sem er að fullu niðurgrafið brekkumegin en alveg úr jörð á austurgafli þar sem eru bílskúrsdyr. Suðurhlíð er einnig að mestu leyti úr jörðu og þar eru kjallaragluggar á húsinu. Útidyr eru á norðurhlíð en að sunnan verðu steinsteyptar tröppur og svalir. Stór timburpallur er sunnan við húsið. Ekki verður betur séð en húsið sé allt í fullkomnu ástandi, vel hirt og vel um allt gengið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt en vel byggt og snyrtilegt hús í anda 8. áratugarins.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur gildi sem yngsta íbúðarhúsið á bæjarstæði lögbýlisjarðar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið hefur gildi sem yngsta íbúðarhúsið á bæjarstæði lögbýlisjarðar.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið virðist ekki hafa tekið stórfelldum breytingum.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi og virðist einkar vel við haldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur nokkuð gildi sem yngsta íbúðarhúsið á bæjarhóli lögbýlis og er auk þess í mjög góðu ástandi.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Guðbrandur Skarphéðinsson
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Einföld útihús

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: Úr notkun



Refahúsin 1992, Þjóðskjalasafn Ísl.



Refahúsin, haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur/stál og bárujárn	Timbur/stál og bárujárn		
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Refhúsin er um 360 m ASA við íbúðarhúsið í Dagverðarnesi. Um tvö, sambyggð hús er að ræða. Samkvæmt fasteignamati voru þau byggð 1985. Á ljósmynd af svæðinu í Byggðum Borgarfjarðar sem komu út 1989 sést húsið ekki en þó er getið um 200 aliminka og 70 alirefi á jörðinni. Húsin eru skrað sem refahús í fasteignamati og eru 324 m2 að stærð samkvæmt matinu. Í skjölum frá Byggðarstofnun landbúnaðarins (A/51 A-Bæjaskjöl, Þjóðskjalasafni Íslands) kemur fram að Guðbrandi Skarphéðinssyni voru sendar teikningar að refahúsi 17.4. 1985 og að minkahúsi 10.11.1986). Húsin eru löng og lágreist, klædd bárujárn og eru tengd með gangi vestarlega. Þau standa nú auð og búið er að mestu að fjarlægja alla lausa muni innan úr þeim. Gerð húsanna sýnir vel að þau voru ekki reist á sama tíma og er nyrðra húsið t.d. minna og aðallega byggð á stálgrind á meðan syðra húsið er að mestu með timburgrind. Í nyrðra húsinu er dálftið um gegnsætt bárujárn sem hleypir inn birtu. Þetta eru afar einföld hús, efnislitlir máttarviðir og klætt með bárujárn. Þau virðast að mestu leyti í sæmilegu ástandi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einföld útihúsabygging, án listræns gildis.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er utan heimatúna en má segja að beri vitnisburð um umhleyppingar í landbúnaði seint á 20. öld.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er ekki í samhengi við hús í heimatúni eða önnur hús á jörðinni og hefur lágt umhverfisgildi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Líklega stóð fyrst aðeins eitt hús á þessum stað og seinna húsið er því viðbót en að öðru leyti virðast húsin lítið breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin hafa verið úr notkun lengi og bera þess merki. Þau eru þó í þokkalegu standi.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsin hafa ekki sérstakt varðveislugildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Sigrún Þormar og Gunnar Rögnvaldsson
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Einingahús úr timbri

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Dagverðarnes 72, haustið 2020



Dagverðarnes 72, haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk	2010 Stækkun. Gunnar Rögnvaldss. hannaði breytinguna en T.Ark	T. Ark Teiknistofan Ehf Arkitektar Brautarholti 6.,
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Mótaðar málplötur	Mótaðar málplötur		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Einlyft; Reykháfur	Einlyft; Reykháfur		

Saga:

Dagverðarnes 72 er íbúðarhús úr timbri. Ólíkt öðrum húsum á þessum slóðum telst þetta hús íbúðarhús/heilsárshús en ekki sumarhús. Húsið var byggt í tveimur áföngum 2003 og 2010. Eldri hlutinn er finnst einingahús úr timbri (69 m²) svipað gerðar og yngra íbúðarhúsið á Grund (sem einnig er finnst einingahús. Síðari áfanginn (51 m²) er staðsmíðaður úr timbri og steinsteypu og hannaði eigandi hússins Gunnar Rögnvaldsson útfærsluna en T.ark Teiknistofa ehf teiknaði. Burðarvirki er úr timbri og steinsteypu og er húsið allt á steinsteypum sökkli með lagnakjallara með steinsteyptri plötu sem er undir því öllu. Steinsteypur skorsteinn er við suðurhlíð húss, steypur á staðnum samhliða stækkun hússins 2010. Húsið er ein hæð með mænisþaki og er 120 m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Veggir hússins eru klæddir lóðréttum borðum en málmpynnur í tígulsteinalíki á þaki. Þrefalt gler er í gluggum. Sunnan við húsið er allstór timburpallur. Húsið virðist í góðu ástandi og vel um það gengið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einfalt einingahús með takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er í sumarbústaðahverfi en er þó heilsárshús, það hefur ekki hátt menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er í sumarbústaðahverfi en er þó ætlað sem heilsárshús.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er nýlega byggt og hefur líklega tekið litlum breytingum, þó er nýlega búið að steypa stóran reykþáf við það.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi.

Varðveislugildi: Lágt Húsið er heilsárshús í sumarhúsabyggð, er í góðu ástandi en er ekki talið hafa sérstakt varðveislugildi sem slíkt.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Ungmennafélagið Íslendingur
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt timburhús

Upphafleg notkun: Þjónusta
Núverandi notkun: Þjónusta



Laugarbúð 2020



Laugarbúð rétt áður en hún var rifin, 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Sundlaugarhúsið við Hreppslaug virðist byggt á árunum eftir 1950 en samkvæmt fasteignamati ríkisins var það fullbyggt 1955. Samkvæmt grein um Hreppslaug sem birtist í Bændablaðinu 9. júní 2016 (eftir Guðrínu G. Guðmundsdóttur og Borgar Páll Bragason) lauk smíðinni ekki að fullu fyrr en 1969. Samkvæmt greininni var húsið nefnt Laugarbúð. Auk þess að gegna hlutverki þjónustuhúss/sundlaugarhús hafði húsið ýmis önnur hlutverk, þar hélt ungmennafélagið Íslendingur fundi sína, þar var lengi bókasafn hreppsins auk þess sem húsið var leigt út til barnakennslu og félagsstarfsemi samkvæmt greininni. Í tengslum við 80 ára afmæli Hreppslaugar 2008 var ástand laugar og húss kannað og var niðurstaðan m.a. sú að sjálft sundlaugarhúsið væri svo gott sem ónýtt. Ein ástæðan fyrir því (auk ónógs viðhalds) var sú að heitri lækjarsprænu hafi verið veitt undir húsið og hún séð um að hita það en samfelldur hiti og raki hafði einnig farið illa með viði hússins. Þegar Hreppslaug var friðlýst var sundlaugarhúsið undanskilið og í kjölfarið var tekin ákvörðun um að rífa það og byggja nýtt hús. Við húsakönnun var húsið lauslega kannað fyrir niðurrif en sundlaugin skoðuð eftir að húsið hafði verið rífið í ágúst 2020. Sundlaugarhúsið var einfalt timburhús með mænisþaki klæddu bárujárni. Húsið var klætt skarsúð. Gengið var inn í það norðvestarlega á suðvesturhlíð en þrjár dyr voru einnig á norðausturhlíð, að sundlaug. Síðan húsakönnunin var gerð hefur nýtt sundlaugarhús rísið við Hreppslaug og öll aðstaða verið endurnýjuð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einfalt timburhús sem ekki hefur sérstakt listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið þjónaði sem sundlaugarhús, miðstöð ungmennafélags, bókasafn o.fl. og hefur því talsvert menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið tengist sundlauginni og hefur gildi fyrir umhverfi sem slíkt en var þó seinni tíma viðbót við lauginna.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið virðist hafa tekið fremur litlum breytingum.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið er mjög illa farið og var úrskurðað ónýtt af þeim sem lögðu mat á húsið.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið hefur gildi í tengslum við sundlauginna og sem hluti af menningarlífi hreppsins um árabíl en sjálf byggingin hefur ekki mikið listrænt gildi

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Guðmundur Þorsteinss, Gyða Bergþórsd.
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Útihúsasamst. á timburgrind

Upphafleg notkun: Landbúnaður
 Núverandi notkun: Landbúnaður; blönduð notkun



Útihúsin sumarið 2020



Útihúsin sumarið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Rúmum 40 m norðan við íbúðarhúsið í Efri-Hreppi er útihúsasamstæða. Hún eru spottakorn norðan við mörk gamla heimatúnsins í Efri-Hreppi eins og þau voru í upphafi 20. aldar. Á þessum stað virðist fyrst hafa risið vélageymsla árið 1961 og því næst fjárhús (1969) og hlaða (1970). Við húsið er svo byggð geymsla árið 1975. Húsin eru í góðu ástandi og var unnið að endurnýjun bárujárns á þeim þegar þau voru skoðuð 2020. Hluta þeirra hefur verið breytt og þau innréttuð til íþróttaiðkunnar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einföld útihúsasamstæða með takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Byggingin hefur eitthvert gildi fyrir búsetusögu jarðarinnar sem eitt eina uppistandandi útihús hennar en er þó utan gamla heimatúnsins.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Byggingin hefur eitthvert gildi fyrir búsetusögu jarðarinnar sem eitt eina uppistandandi útihús hennar en er þó utan gamla heimatúnsins.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið var byggt í áföngum og hefur því tekið breytingum og á síðustu árum hefur hlutverk þess einnig breyst.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í góðu ástandi og unnið að endurnýjun bárujárns.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið er einfalt af gerð en vel við haldið og hefur eitthvert gildi sem síðasta uppistandandi útihús jarðarinnar þótt byggingin hafi lítið gildi í sjálfri sér.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Ungmennafélagið Íslendingur
 Hönnuður: Sigurður Björnsson. smiður
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt timburhús

Upphafleg notkun: Sundlaug
 Núverandi notkun: Sundlaug



Hreppslaug 1940-65, ÞJ-BN-698, Þjms



Hreppslaug sumarið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:				

Saga:

Húsaskráning á Hreppslaug var gerð 2020 þegar verið var að rífa gamla sundlaugarhúsið og var skráningin gerð á umræddu húsi sem síðar hefur verið rífið og nýtt hús byggt. Hreppslaug var byggð 1928 og var nýlega friðlýst. Sjálf laugin fannst ekki í fasteignamati en þar eru upplýsingar um búningasklefa (hús byggt 1955 og er það skráð undir sérstakri færslu) og sundskýli/laugarbúð (byggt 1940) sem líklega eru búningasklefarnir undir laugarendanum sem skráðir voru með laug undir þessari færslu. Hreppslaug er 25 x 10 m stór, steinsteypt sundlaug. Hún var byggð af Ungmennafélaginu Íslendingi eftir teikningum Sigurðar Björnssonar smíðs árið 1928. Laugin var fyrsta steinsteypta sundlaugin í Borgarfirði. Laugin var friðlýst árið 2014 og lagði Minjastofnun Íslands til friðlýsingu "á grundvelli staðbundins menningarsögulegs gildis og fágætis, en laugin er eitt af elstu dæmum um upprunalegt steinsteypt mannvirki sem tengist hagnýtingu heits vatns í þágu sund- og baðmenningar." Í texta Minjastofnunar Íslands segir einnig "að mati Minjastofnunar hefur Hreppslaug gildi frá sjónarhóli byggingarlistar sem óvenjulegt steinsteypumannvirki, hannað af Sigurði Björnssyni yfirsíð Hvítárbrúar. Laugin hefur mikið menningarsögulegt gildi sem vitnisburður um félags- og íþróttastarf ungmennafélaganna og sem mikilvægur staður í menningar- og félagslífi héraðsins." Í álitinu kemur einnig fram að steypur hluti laugarinnar sé lítið breyttur en seinni tíma viðbætur svo sem handrið, skjólveggir og þjónustuhús séu heldur til lýta og er það undanskilið friðun. Einnig kemur fram að endurbætur séu aðkallandi og við húsakönnun mátti sjá að ástand steypuveggja laugarinnar að norðan og vestan var ekki gott. Þegar húsakönnun var gerð á svæðinu snemma sumars 2020 hafði niðurrið búningasklefa verið heimiluð og í síðari skoðun, í ágúst 2020 hafði þjónustuhúsið verið rífið. Undir vesturenda laugarinnar eru fjögur steinsteypt rými sem upphaflega voru notuð sem búningasklefar. Að mati þeirra sem gerðu húsaskráninguna væri vert að gefa eldri búningasklefum undir sundlaug meiri gaum og þarft að huga að endurbótum þeirra á næstunni.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Hreppslaug er óvenjulegt steypumannvirki og elsta sundlaug Borgarfjarðar.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Hreppslaug hefur þjónað mikilvægu hlutverki í sögu svæðisins allt frá því hún var gerð, bæði sem sundstaður og samkomustaður.
Umhverfisgildi:	Hátt	Sundlaugin situr fallega í landinu og frá henni er gott útsýni yfir nágrennið.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Sundlaugin sjálf hefur tekið litlum breytingum í gegnum tíðina þótt umhverfi hennar hafi breyst að hluta til til standi nú frekari breytingar á því.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Sundlaugin sjálf virðist í ágætu ásigkomulagi en viðgerða er þörf á mannvirkjum sem eru undir henni að norðan og vestan.
Varðveislugildi:	Hátt	Hreppslaug er sérstakt mannvirki og gegnir mikilvægu hlutverki í sögu hreppsins.
Verndarflokkar:	Friðlýst hús - blár litur á korti	

Fyrsti eigandi: Guðrún Guðmundsd. & Þorsteinn Jónss.
Hönnuður: Guðmundur Þorsteinsson
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Efri-Hreppur, BB II, 224



Íbúðarhúsið í Efri-Hreppi 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:		Trapisujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Mótaðar málplötur		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Ris; Reykháfur	Einlyft; Ris; Reykháfur; Viðbygging		

Saga:

Gamla bæjarstæðið í Efri-Hreppi var um 220 m SSV við núverandi íbúðarhús og er þar sléttaður bæjarhóll. Um aldamótin 1900 var bæjarstæðið fært og þá byggt hús fast sunnan eða suðvestan við núverandi íbúðarhús. Til er lýsing á húsinu sem þar stóð 1940 er til í Byggingalýsingu frá því ári en í henni segir: "Torfbær á grjóthlöðnum kjallara. Stærð 6,2 x 3.9 m. Inngangur og geymsluskúr úr sama efni með járnp. undir tofi 6,2 x 4 m. Ofnhitun" (Byggingalýsingar 1940, Skorradalshreppur). Húsið hefur líklega staðið um 40-50 ára skeið, þar til núverandi íbúðarhús var reist árið 1948. Núverandi hús er skammt norðaustan við mörk gamla heimatúnsins eins og það er sýnt á túnakorti 1918. Húsið er steipt og er 56,6 m2 skv. fasteignamati. Ekki eru upplýsingar um hvenær sambyggðum bílskúr/gestahúsi nyrst var bætt við. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskjalasafni Íslands er hönnuður hússins Guðmundur Þorsteinsson. Í bréfi frá honum til Þjóðskjalasafns kemur fram að foreldrar hans sem bjuggu á Efri-Hreppi hafi falið honum að teikna og byggja húsið. Í bréfinu segir "Það sem kom út úr þessum pælingum var vinkilhúsmeð út- og burðarveggjum úr steinsteypu, háu risi og aðaldirum í innhorni. Ég kom þessu á blað með útliti og stærðarmálum en móðir mín fór síðan með þessa tillögu til Teiknistofu landbúnaðarins sem teiknaði, án gjalddöku útlit, stærð og gaf samþykki en það var skilyrði til að fá lán úr sérstökum byggingarsjóði. Móðir mín sagði eftir forstöðumannin teiknistofunnar að þetta væri fyrsta tillaga að teikningu sem hafi borist og ekki þurfti að breyta" (Bréf frá Guðmundi Þorsteinssyni til Jón Torfasonar á Þjóðskjalasafni, frá 3. júlí 2018). Teikning af húsinu (nr. 1046) er meðal gagna í vörslu Þjóðskjalasafns Íslands og var bæjarhúsið á Liltu-Reykjum byggt eftir sömu teikningu. Íbúðarhúsið í Efri-Hreppi hefur allt verið endurnýjað. Veggir eru klæddir trapisustáli og á þakinu eru málplötur í líki tígusteina. Tvöfaldur bílskúr er sambyggður húsinu. Húsið virðist allt vera í mjög góðu ásigkomulagi og umhverfi þess snýrtillegt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt íbúðarhús en vel við haldið.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur gildi sem aðalíbúðarhúsið á jörðinni þótt það sé ekki á gamla bæjarstæðinu.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið hefur gildi sem aðalíbúðarhúsið á jörðinni þótt það sé ekki á gamla bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Elsti hluti hússins er byggður 1948 en síðan líklega verið byggt við það tvisvar.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í góðu ástandi og mjög vel við haldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er aðalíbúðarhúsið á lögbýlisjörð og er vel við haldið
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Gauti Jóhanness. & Therese Ahlepill
Hönnuður: Magnús H. Ólafsson
Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi

Upphafleg notkun: Frístundir/sumarhús
Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Íbúðarhúsið Efri-Hreppur 1 sumarið 2020



Íbúðarhúsið Efri-Hreppur 1 sumarið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steyptar einingar	Steyptar einingar		
Útveggir:	Steining, kvarts og tinna	Steining, kvarts og tinna		
Þakgerð:	Einhalla (skúrpak)	Einhalla (skúrpak)		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Íbúðarhúsið Efri-Hreppi 1 stendur efst á melhæð, talsverðan spöl norðan við gamla heimatúnið í Efri-Hreppi. Það er steinsteypt og er 120m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Húsið er í eigu sonar eiganda jarðarinnar Efri-Hrepps (Jóhannesar Guðjónssonar) sem búsettur er í Svíþjóð. Húsið er gert úr forsteyptum einingum með hvítum kvartsmulningi í yfirborðinu. Það er gert úr tveimur hlutum eða álmum, stofu og eldhúsi í þeirri nyrðri með stórum útsýnisluggum og svefnherbergisálmum. Á milli þeirra er gengið í húsið. Húsið stendur mjög hátt og blasir víða við og frá því er mikið útsýni í allar áttir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsið er nýlega byggt á fallegum útsýnisstað, er einföld hönnun og gerð.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er nýtt íbúðarhús innan lögbýlis þar sem ekki hafa áður staðið byggingar.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er nýtt íbúðarhús innan lögbýlis þar sem ekki hafa áður staðið byggingar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er nýlegt og lítið sem ekkert breytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er nýlegt og í mjög góðu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið er nýlegt og í góðu ástandi en hefur ekki mikið menningarsögulegt eða umhverfisgildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Guðrún Davíðsdóttir

Hönnuður: Teiknistofa landbúnaðarins

Upphaflegur byggingarstíll: Útihúsasamstæða úr bl. efni

Upphafleg notkun: Landbúnaður

Núverandi notkun: Landbúnaður



Fjárhús og hlaða haustið 2020



Fjárhús og hlaða haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steypa og timbur	Steypa og timbur		
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Kjallari	Einlyft; Kjallari		

Saga:

Fjárhús og hlaða er um 80 m vestan við eldra íbúðarhúsið á Grund og norðan heimreiðar. Þau eru skammt vestan við mörk gamla heimatúnsins eins og þau eru sýnd á túnakorti frá 1918 og ekki er vitað um eldri byggingar á sama stað. Húsin voru byggð 1967 og samanstanda af stórum fjárhúsum með háum taðkjallara undir og hlöðu að húsabaki sem snýr þvert að stefnu fjárhúsanna. Húsin voru gerð eftir teikningu sem var fengin frá Teiknistofu landbúnaðarins en smiður hússins, Oddur Kristjánsson vék frá samþykktri teikningu og gerði taðkjallarann mun dýpri en ráð var fyrir gert til þess að unnt yrði að koma dráttarvél í hann og ekki þyrfti að taka upp grindurnar í húsinu. Oddur var sonur Kristjáns Björnssonar sem teiknaði fjósið á Grund. Fjárhúsin rúmuðu 400 fjár. Hlaðan er að nokkru leyti byggð af máttarviðum eldri hlöðu sem rifin var. Austasti hluti taðkjallarans er notaður sem vélaverkstæði. Kjallarinn er úr steinsteypu en húsið ofan á honum og hlaðan úr timbri og bárujárn. Suðurgaffl fjárhúsanna er klæddur timbri. Húsið virðist vera í sæmilegu ásigkomulagi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Útihús af einfaldri gerð með lítið listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af sögu jarðar en ekki mikið menningarsögulegt gildi þess fyrir utan - eru utan gamla heimatúnsins.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af sögu jarðar og húsapýrpingu á bæjartorfunni en ekki mikið gildi þess fyrir utan.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin virðast lítið breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin virðast í ágætu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsin hafa lítið eða miðlungs varðveislugildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Guðrún Davíðsdóttir
Hönnuður: Kristján Björnsson
Upphaflegur byggingarstíll: Steinst. Útihúsasamst.

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: Úr notkun



Útihúsasamstæða 1952-53 GÞ-3351 Sarpur



Útihúsasamstæðan haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Kjallari	Einlyft; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Útihúsasamstæða sem byggð var 1947 stendur í túninu á Grund í jaðri gamla bæjarhólsins. Á þessum stað voru árið 1918 (samkvæmt túnakorti) lítil útihús og kálgarður. Húsin sem nú standa voru byggð árið 1947 og teiknaði Kristján Björnsson yfirmsiður Reykholtsskóla þau. Húsin samanstanda af fjósi, haughúsi, mjólkurhúsi og hlöðu samkvæmt fasteignamati. Í matsgerð frá 1954 kemur fram að fjósið er 5 ára gamalt úr steinsteypu og að í öðrum endanum sé mjólkurhús og hesthús fyrir 3 hesta auk inngangs í aðalfjósið og hlöðu. Undir fjósinu sé áburðargeymsla, þvaggryfja og haughús og verkfærahús sé við enda áburðargeymslunnar. (Matsgerð frá 1954, Byggingarstofnun landbúnaðarins, A/95 A-Bæjarskjöl). Í Byggðum Borgarfjarðar eru fjós Grundar sögð rúma fyrir 22 nautgripi (BB, 227). Húsin eru steinsteypt, tvær burstir sem snúa göflum í austur-vetur. Í syðra húsinu er fjós með haughúsi undir og mjókurhús. Í því vestra er hlaða. Útveggir fjóssins eru tvöfaldir, einangrað með mó eða torfi. Hlaðan er niðurgrafin að miklu leyti. Bárujárn er á þökum. Fjósið klætt að innan með asbestplötum. Á suðurhlíð haughússins eru tvennar stórar dyr. Gluggar eru flestir úr pottjárnri með smáum rúðum. Fjósgluggar suðurhlíðar hafa verið endurnýjaðir. Tvennar stórar dyr eru á vesturgafli hlöðunnar og einar á austurgafli. Þrennar dyr eru á vesturgafli fjóssins, þar af einar að mjólkurhúsinu. Húsið var jötuhaus og ýmislegt í hönnun og notkun hússins þótti nýrstálegt á sínum tíma. Efst út úr austurgafli fjóssins var gálgi sem notaður var við heimaslátrun. Byggt var við húsið að austan 1995 fyrir rúllubagga. Húsið varð fyrir skemmdum í jarðskjálftum 1994 og norðurlangveggur hlöðunnar sprunginn þar sem jarðvegur liggur að honum. Suðurlangveggur fjóssins hefur sprungið vegna frostþenslu og hefur hann verið klæddur með bárujárnri. Húsin fóru úr notkun árið 2010. Þau eru reisuleg en ástand þeirra er ekki gott. Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir vegna jarðvegsþrýsting á hlöðuvegginn. Pottjárngluggar eru mjög ryðgaðir og margar rúður brotnar. Stórátak þyrfti til að tryggja varðveislu húsanna.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsin eru einföld útihús en voru þó talsvert nýrstárleg á sínum tíma.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af sögu jarðar en ekki mikið menningarsögulegt gildi þess fyrir utan.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af sögu jarðar og húsapýrpingu á bæjartorfunni en ekki mikið gildi þess fyrir utan.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin eru frekar lítið breytt.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsin eru í lélegu ástandi og þarfnast umfangsmikilla viðgerða eigi þau að standa áfram.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi, bæði sem minnisvarði um framfararskeið í íslenskum landbúnaði og sem hluti af húsapýrpingu á bæjartorfu lögbýlis.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Davíð Pétursson
Hönnuður: Jens Davíðsson. húsasmíðameistari
Upphaflegur byggingarstíll: Gámahús

Upphafleg notkun: lðnaður
Núverandi notkun: lðnaður



Vélageymsla, haustið 2020



Vélageymsla, haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:		Timbur		
Þakgerð:		Valmaþak		
Þakklæðning:		Torf		
Undirstaða:				
Útlit:				

Saga:

Vélageymsla var byggð á Grund árið 2001 um 125 m vestan við eldra íbúðarhúsið á jörðinni og fast norðan við heimreið. Hugmyndin að byggingunni kom frá Meinhart Berg, færeyskum manni en samkvæmt honum er þessi húsagerð nokkuð algeng í Færeyjum. Jens Davíðsson húsasmíðameistari frá Grund hannaði og stjórnaði húsasmíðinni. Húsið er þannig gert að tveir 40 feta gámar mynda austur- og vesturveggi byggingarinnar sem er grafin inn í brekku að norðan en timburþil er að sunnan, að heimreið. Yfir gámana báða og bilið milli þeirra er timburþak með torfi yfir. Gafi byggingarinnar er að nokkru leyti timburklæddur með bílskúrsdyrum í miðju en gámadyrunum til beggja handa. Í húsinu er bílalyfta.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Gámahús með takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Í húsinu er tilvísun í sögu húsagerðar til sveita s.s. torf á þaki en almennt verður menningarsögulegt gildi þess að teljast takmarkað.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið hefur takmarkað umhverfisgildi, er utan gömlu heimatúninanna en þó í núverandi túni Grundar.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er nýlega byggt og líklega óbreytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í ágætu ástandi.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur ekki sérstakt varðveislugildi, er einfalt að gerð og nýlega byggt
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Guðrún Davíðsdóttir
Hönnuður: Þórir Baldvinsson. arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypu fúnksíonalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Grund, BB II, 227



Íbúðarhúsið Grund 1 haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útveggir:		Ál		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárújárn		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Einlyft; Ris; Reykháfur; Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris; Reykháfur; Svalir; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Íbúðarhúsið á Grund (1) er skráð á sérnúmer sem íbúðarhúsaloð í fasteignamati ríkisins. Grund var stofnað sem lögbýli um miðja 17. öld af Brynjólfi Sveinssyni biskup á gömlu stekkjarsæði í Vatnsendalandi og var þá nefnt Nýjagrund, Biskupsgrund eða Vatnsendagrund (BB, bls. 227). Fyrir 1900 stóð gamall torfbær á Grund, tæpum 90 m VSV við núverandi íbúðarhús. Árið 1900 var svo byggt nýtt íbúðarhús og var það örskammt norðan við það hús sem stendur í dag. Umrætt hús var samkvæmt lýsingu frá 1949 byggt í tveimur hlutum 1902 og 1925. Það var "úr timbri 2/3 og steinst. 1/3. Kjallari og tvær hæðir, lágt ris ónothæft. Stærð 11,3 x 6.28 x4,5 m. I hæð, 4 herbergi og eldhús, II hæð: 4 herbergi. Í kjallara geymslur. Miðstöð, vatnsleiðsla og skólpleiðsla" (Byggingalýsingar 1940, Skorradalshreppur). Umrætt hús stóð fram yfir miðja öld, þar til það hús sem nú stendur var byggt, árið 1954. Í matsgerð frá 1954 sem varðveitt er á Þjóðskjalasafni er eldra íbúðarhúsið nefnt, það sagt úr timbri á hlöðnum kjallara en að hluti þess sé yngri með steiptum veggjum (Byggingarstofnun landbúnaðarins A/95 A-Bæjaskjöl). Það hús sem nú stendur er innan heimatúns gamla bæjarins (eins og það er sýnt á túnakorti 1918) og á sama stað er teiknað mannvirki (hugsanlega brunnur) á kortið en hann hefur líklega verið horfinn nokkru áður en húsið var reist. Íbúðarhúsið er teiknað af Þóri Baldvinssyni arkitekt á Teiknistofu landbúnaðarins en Halldór Þorgeirsson var yfirmiður. Það er steinsteyp með bárújárnsklæddu mænisþaki og snýr austur-vestur. Sveigur er á pakinu við þakskegg. Suður úr langhliðinni gengur útbygging með stórum kvisti yfir og á suðurhlið þaksins eru tveir litlir kvistir. Á vesturgafli hússins eru steinsteypar svalir út frá rishæðinni. Útveggir urðu fyrir skemmdum í jarðskjálfta 1994 og voru þá einangraðir að utan með frauðplasti og klæddir álpynnum. Að innan eru steiptu útveggirnir einangraðir með korki með múrhúð innst. Samkvæmt Byggðum Borgarfjarðar (bls. 227) er húsið 903 m3 en stærð er ekki uppgefin í fasteignamati. Húsið er byggt í steinsteypufúnksjónalisma með ávæningi af eldri steinhúsagerð (sveigður þakflötur). Húsið virðist að mestu leyti vera í dágóðu ásigkomulagi og hefur verið endurnýjað og endurbætt bæði að innan og utan. Í garðinum við húsið eru myndlistaverk eftir Gerði Helgadóttur og Snorra, bróður hennar.

Varðveislumat:		
Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsið er snyrtilegt og velbyggt hús af einfaldri gerð en hefur takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur menningarsögulegt gildi sem aðal íbúðarhúsið á lögbýlisjörð.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið hefur umhverfis gildi sem aðal íbúðarhúsið á lögbýlisjörð.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur tekið einhverjum breytingum frá því að það var fyrst byggt en þó ekki stórfelldum.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið virðist í ágætu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur gildi sem aðalíbúðarhúsið á lögbýlisjörð, nærri gamla bæjarstæðinu.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Þórhildur Ýr Jóhannesd. & Pétur Davíðss. Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð

Hönnuður: Aðalhús - hönnun - Finndomo og Friðrik Friðriksson



Nýlega reist gestahús við Grund 2, 2020



Grund 2, haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur	Timbur		
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Mótaðar málplötur		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Útskot (karnap)	Einlyft; Útskot (karnap)		

Saga:

Grund 2 er um 280 m vestan við Grund 1, talsverðan spöl vestan við gamla heimatúnið og vestanvert við heimreiðina að Grund. Í fasteignamati er það skráð á sérnúmer sem íbúðarhúsalóð. Húsið er byggt 2001 og er einnar hæðar timbureiningahús frá Finnlandi. Undirstöður eru steinsteyptar og á þaki eru málplötur mótaðar í þakskífulíki. Veggir eru klæddir lóðréttum borðum. Gluggar eru með þreföldu gleri og opnast inn á við. Tvöfalt gler er í innri gluggum og einfalt í ytri römmum. Húsið virðist að mestu leyti vera í góðu ásigkomulagi. Samkvæmt fasteignamati er það 122,2 m². Við hlið hússins er nýbyggt lítið timburhús eða gestahús með flötu þaki.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Húsið er einfalt að gerð og hefur ekki sérstakt listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er nýlegt og byggt á svæði innan lögbýlis þar sem ekki stóðu hús áður, það hefur því takmarkað menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er nýlegt og byggt á svæði innan lögbýlis þar sem ekki stóðu hús áður, það hefur því takmarkað umhverfisgildi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er nýlegt og hefur ekki tekið miklum breytingum þótt þakefni hafi verið breytt og byggt hafi verið gestahús við það.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í mjög góðu ástandi.

Varðveislugildi:	Lágt	Húsið er nýlegt og einfalt að gerð. Það er byggt á svæði innan lögbýlis þar sem ekki stóðu hús áður og hefur lítið eða miðlungs varðveislugildi.
-------------------------	------	--

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Skorradalshreppur

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Finndomo & Friðrik Friðriksson ark.. arkitekt

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Einingahús úr timbri



Birkimói 1, haustið 2020



Birkimói 1, haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Mótaðar málplötur	Mótaðar málplötur		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Húsið Birkimói 1 er byggt árið 2001 og er bílskúr byggður við það sama ár. Húsið er 118,7 m² stórt samkvæmt fasteignamati en bílskúrin 36,2 m². Húsið er finnst einingahús, líkt og íbúðarhúsið Grund 2. Það er einfalt timburhús á steiptum grunni. Mænisþak er á húsinu og er það klætt málplötum í þakskífulíki. Sjálft er húsið klætt lóðrétttri borðaklæðningu. Bílskúrin er við það norðanvert. Skrautlistar eru í kringum glugga en að öðru leyti er húsið einfalt að gerð. Það er í góðu ástandi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Íbúðarhús af einfaldri gerð með takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er í þéttbýli fjögurra húsa á dreifbýlu svæði og hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er í þéttbýli fjögurra húsa á dreifbýlu svæði og hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er nýlegt og lítið breytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í góðu ástandi.

Varðveislugildi: Lágt Húsið hefur takmarkað varðveislugildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Skorradalshreppur
Hönnuður: Finndomo & Friðrik Friðriksson. arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Einingahús úr timbri

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Birkimói 3, haustið 2020



Birkimói 3, haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Mótaðar málplötur	Mótaðar málplötur		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Húsið Birkimói 3 er byggt árið 2001 og sama ár er bílskúr byggður við það. Húsið er 118,7 m² stórt samkvæmt fasteignamati en bílskúrin 36,2 m². Húsið er finnskt einingahús. Það er einfalt timburhús á steiptum grunni. Mænisásþak er á húsinu og er það klætt málplötum í þakskífulíki. Sjálft er húsið klætt lóðréttri borðaklæðningu. Bílskúrin er við það norðanvert. Skrautlistar eru í kringum glugga en að öðru leyti er húsið einfalt að gerð. Það er í góðu ástandi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Íbúðarhús af einfaldri gerð með lítið listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er í þéttbýli fjögurra húsa á dreifbýli svæði og hefur fremur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er í þéttbýli fjögurra húsa á dreifbýli svæði og hefur fremur lítið umhverfisgildi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er nýlegt og væntanlega lítið sem ekkert breytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í góðu ástandi.

Varðveislugildi: Lágt Húsið hefur takmarkað varðveislugildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Skorradalshreppur
Hönnuður: Finndomo & Friðrik Friðriksson. arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Einingahús úr timbri

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Birkimói 5, haustið 2020



Birkimói 5, haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Mótaðar málplötur		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Fjórlyft	Einlyft		

Saga:

Húsið Birkimói 5 er byggt árið 2001 og sama ár er bílskúr byggður við það. Húsið er 155 m² stórt samkvæmt fasteignamati og er því nokkru stærra en Birkimói 1 og 3, en bílskúrin er 36.2 m². Húsið er finnskt einingahús. Það er einfalt timburhus á steiptum grunni. Mænisásþak er á húsinu og er það klætt málplötum í þakskífulíki. Sjálf er húsið klætt lóðréttri borðaklæðningu. Bílskúrin er við það norðanvert. Skrautlistar eru í kringum glugga en að öðru leyti er húsið einfalt að gerð. Það er í góðu ástandi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Íbúðarhúsið er af einfaldri gerð með lítið listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er í þéttbýli fjögurra húsa á dreifbýlu svæði og hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er í þéttbýli fjögurra húsa á dreifbýlu svæði og hefur lítið umhverfisgildi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er nýlegt og lítið breytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í góðu ástandi.

Varðveislugildi: Lágt Húsið hefur takmarkað varðveislugildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Sigurborg Jónsdóttir
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Birkimói 8, haustið 2020



Birkimói 8 haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Einlyft; Ris; Kjallari	Einlyft; Ris; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Birkimói 8 er hús í byggingu þótt byggingarár þess sé skráð 2004 í fasteignamati. Það er einlyft timburhús á háum steinsteypum kjallara og með háu risi undir bröttu bárujárnþaki. Veggir eru klæddir láréttum borðum. Í aðalatriðum er grunnmynd hússins eins og tveir ferhyrningar, sá syðri minni. Kjallarinn er að mestu leyti niðurgraffinn að veginum er að fullu úr jörðu að vestan og norðan. Stórar svalir eða pallur eru við austurhlíð hússins og þaðan gengið um útidyr. Við suðvesturhornið eru allstórar svalir. Nyðra húsið er stærra eða 111,7 m² en það syðra 79,5 m². Á stærra húsinu eru tveir þakgluggar. Mikið af timbri og byggingarefni er í kringum húsið og virðist byggingu þess ekki lokið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsið er einfalt íbúðarhús með takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er í þéttbýli fjögurra húsa á dreifbýlu svæði og hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er í þéttbýli fjögurra húsa á dreifbýlu svæði og hefur lítið umhverfisgildi.
Upprunalegt gildi:		Byggingu hússins virðist ekki að fullu lokið.
Tæknilegt ástand:		Byggingu hússins virðist ekki að fullu lokið.

Varðveislugildi: Lágt Húsið hefur takmarkað varðveislugildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Guðrún, Jón og Bjarni Pétursbörn

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð

Hönnuður: Einar Sigurðsson. arkitekt



Húsið Óshóll, haustið 2020



Húsið Óshóll, haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Ris	Einlyft; Ris		

Saga:

Húsið Óshóll er í landi Grundar, um 675 m suðvestan við Grund 1. Það er byggt af systkinum Davíðs Péturssonar bónda á Grund árið 1996 og ári síðar var byggður tvöfaldur bílskúr skammt vestan þess. Árið 2000 var einnig byggt bátaskýli við Skorradalavatn frá húsinu. Samkvæmt fasteignamati er íbúðarhúsið 65,3 m² að stærð, geymslan 12,6 m² og bílskúrin 49,6 m. Húsin eru öll úr timbri en eru líklega á steinsteyptum undirstöðum eða stólpum. Veggir þeirra allra klæddir láréttum borðum og bárujárn á þökum. Bílskúrin er tvöfaldur og byggður í svipuðum stíl og húsið en bátaskýlið með braut út í vatnið úr járnskúffum til að draga upp bát á vagni. Húsin virðast öll vera í góðu ásigkomulagi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Hús sem minnir á sumarhús af einfaldri gerð með takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er nýlegt og ekki með tengingu við sögu jarðar eða svæðis.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er nýlegt og ekki með tengingu við sögu jarðar eða svæðis, byggt á svæði þar sem ekki var byggt áður.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er nýlegt og líklega lítið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi.

Varðveislugildi: Lágt Húsið er einfalt en í góðu ástandi. Það hefur þó ekkert sérstakt varðveislugildi sem slíkt.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Guðrún Magnúsdóttir
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Útihús á timburgrind

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: Landbúnaður



Fjárhúsin árið 2020



Fjárhúsin árið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timburgrind, klædd	Timburgrind, klædd		
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Fjárhús eru um 100 m austan við eldra íbúðarhúsið á Hálsunum. Þau voru byggð árið 1974 og standa þar sem áður var norðurhorn gamla heimatúnsins (samkvæmt túnakorti frá 1918). Fyrst voru byggð fjárhús og haughús á þessum stað en ári síðar var stór hlaða byggð við húsin. Fjárhúsin eru suðaustar en hlaðan að baka til (norðvestar). Stórar dyr hafa verið gerðar á vesturgafi hlöðunnar og ekið er með rúllubagga inn í hana. Húsin virðast vera í góðu ásigkomulagi. Grindur í gólfum hafa nýlega verið endurnýjaðar. Fjárhúsin voru fyrir 350 fjár skv. Byggðum Borgarfjarðar (bls. 230).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Útihús af einfaldri gerð með lítið listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af sögu jarðar en ekki mikið menningarsögulegt gildi þess fyrir utan.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af sögu jarðar og húsapýrpingu á bæjartorfunni en ekki mikið gildi þess fyrir utan.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin virðast lítið breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin virðast í ágætu ástandi og hefur verið viðhaldið.

Varðveislugildi: Lágt

Húsið hefur gildi sem hluti af húsapýrpingu á bæjarstæði lögbýlis en það hefur takmarkað varðveislugildi í sjálfa sér.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Guðrún Magnúsdóttir
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hálsar BB II, 20



Hálsar 1, árið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:		Mótuð málmklæðning		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Mótaðar málmplötur		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Fimm hæðir eða fleiri; Ris	Einlyft; Kvistir; Ris; Svalir; Viðbygging		

Saga:

Íbúðarhúsið Hálsar 1 er byggt 1982 og er suðvestast í röð húsa sem standa samsíða sunnan Þjóðvegjar. Húsið tæpum 20 m suðvestan við eldra íbúðarhúsið á jörðinni en bæði hús eru nokkurn spöl norðan við eldra bæjarstæði jarðarinnar sem var um 200 m suðaustar og nær Andakílsá. Húsin eru þar sem áður var suðvesturjaðar gömlu heimatúnanna (samkvæmt túnakorti frá 1918). Húsið er samkvæmt fasteignamati 204,7 m2 og er skráð á sérnúmeri á íbúðarhúsalóð. Það er steinsteypt en klætt að utan með álþynnum. Húsið er undir mænisþak sem er klætt málm sem mótaður er í líki tígulsteina. Stór, breiður kvistur á norðurþaki. Við norðurhlíð hússins eru tvennar útídyr með mænisþaki yfir. Að sunnanverðu er timburklædd útbygging með svölum á efri hæð og risþaki og gengur fram yfir svalirnar. Húsið virðist vera í góðu ásigkomulagi og ásamt nánasta umhverfi ber það vott um natni og hirðusemi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsið er snyrtilegt og vel byggt, af einfaldri gerð en hefur takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur eitthvert gildi þar sem það er aðalíbúðarhúsið á lögbýlisjörð.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið hefur eitthvert gildi þar sem það er aðalíbúðarhúsið á lögbýlisjörð.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið virðist hafa tekið fremur litlum breytingum frá því að það var byggt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu virðist vel við haldið og er í góðu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er það hús sem flutt var í eftir að búsetu lauk í eldra íbúðarhúsi á jörðinni. Það stendur þó ekki á gamla bæjarstæðinu. Húsið er í ágætu ástandi og hefur þokkalegt varðveislugildi.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Runólfur Arason & Ingibjörg Pétursd.
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Úr notkun/geymsla



Hálsar 1947-65, ÞJ-B N-468, Þjms



Hálsar 2, árið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Tvöfaldur mænisás		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Einlyft; Ris; Reykháfur; Útitröppur; Kjallari	Einlyft; Ris; Reykháfur; Útitröppur; Kjallari		

Saga:

Íbúðarhúsið Hálsar 2 var byggt 1916. Áður stóð bærinn talsverðan spól (um 200 m) sunnar niður við Andakílsá. Húsið stendur þar sem áður var suðvesturjaðar gömlu heimatúnanna samkvæmt túnakorti frá 1918. Í húsinu var búið allt fram til 1983 þegar flutt var í yngra íbúðarhús á jörðinni. Hálsar 2 standa enn en húsið er nú óíbúðarhæft. Það er skráð undir sérstöku númeri í fasteignamati sem íbúðarlóð. Í Eyðibýlaskrá (Eyðibýli á Íslandi III, 132) kemur fram að grunnflötur þess er 54 m2. Húsið er með hálfniðurgröfnum kjallara og risi. Það er steinsteyp og og útveggir þess múrhúðaðir. Húsið var byggt í tveimur áföngum en erfitt að greina skil milli þeirra. Steypa fyrri áfangans mun vera sýnu lélegri, gerð úr líparítmöl. Inngangur er á miðjum norðurgafli og framan við hann steinsteypar tröppur og steinsteyp handrið. Gengið er í kjallarann um dyr norðan á pallinum framan við útidyrnar. Bárujárn er á þakinu. Lögun hússins er nokkuð sérstök. Húsið mun hafa verið mjórri í upphafi og mjög venjulegt í laginu með mænisþaki. Til er lýsing á húsinu frá 1940 en í henni segir: "Steinst. kjallari, hæð og ris. Stærð 7,53 x 5,65 m auk inngangsskúrs. Í kjallara: eldhús, búr og geymsla. Á hæðinni: 3 herbergi. Í risi, geymsla. Miðstöð frá eldavél. Vatnsleiðsla". (Byggingalýsingar 1940, Skorradalshreppur). Árið 1947 var húsið breikkað til austurs og fékk við það þá lögun sem það hefur enn. Engu líkara en á því séu tveir mænar samhliða. Við þessa stækkun urðu talsverðar breytingar á innri skipan hússins en það hefur ekki tekið stórvægilegum breytingum síðan. Gler er í flestum gluggum hússins og hurðir í dyrum en í sumum tilfellum hefur verið skipt um gler og það þá sett beint í gluggakarm og í öðrum hafa timburspjöld verið sett í glugga sem hafa brotnað. Á undanförunum áratugum hefur húsið verið notað sem geymsla og er nú í mjög slæmu ástandi. Steypuveggir sprungnir og „morknir“ og innveggir og gólf víða fúíð og sigið. Byggingarlag hússins er sérstætt og það er friðað vegna aldurs samkvæmt lögum um menningarminjar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsið er bæði gamalt og nokkuð sérstakt að gerð og hefur því nokkurt gildi út frá byggingarlistarlegum sjónarmiðum.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið var íbúðarhús á lögbýlisjörð um langt skeið og hefur nokkurt gildi sem slíkt.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið var íbúðarhús á lögbýlisjörð um langt skeið og hefur nokkurt gildi sem slíkt.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur tekið nokkrum breytingum í gegnum tíðina, þó ekki stórfelldum frá því að það var breikkað 1947.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið er í mjög slæmu ástandi.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjölbúlar litur á korti
-----------------	--------------------------------------

Fyrsti eigandi: Ingólfur Runólfsson

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Útihúsasamstæða

Upphafleg notkun: Landbúnaður

Núverandi notkun: Iðnaður



Trésmíðaverkstæðið, haustið 2020



Trésmíðaverkstæðið haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárújárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Húsið var upphaflega byggt sem fjós og hlaða árið 1939 en húsinu var síðar breytt í trésmíðaverkstæði, hesthús, vélageymslu og smíðastofu. Samkvæmt gögnum á Þjóðskjalasafni Íslands var fjósið og hlaðan fyrir 12 gripi (Þjóðskjalasafn Íslands, Byggingarstofnun landbúnaðarins A/107 A-Bæjaskjöl). Húsið stendur þar sem norðvesturjaðar gömlu heimatúnanna var áður. Í fasteignamati er húsunum skipt upp í trésmíðaverkstæði, geymslu/hesthús, vélageymslu/hlöðu, geymslu/haughús og geymslu og mætti samkvæmt því ætla að húsin væru samtals 295.6 m² m stór. Í fasteignamati er húsið merkt Hálsar 3 iðnaðarlóð. Húsin eru steinsteypt og snúa í suður-norður. Um er að ræða tvö hús með steinsteyptum burstum og skúrar með einhalla þökum við langhliðar. Mænisþök eru á húsunum og á þeim er bárújárn. Í vestari skúrnum er smíðaföndurstofa Aðalsteins Valgarðs Vilbergssonar og í vestara húsinu var hlaða en er nú vélageymsla með stórum bílskúrsdyrum á suðurgafli. Í eystra húsinu er trésmíðaverkstæði á efri hæð en gamall mykjukjallari undir. Suðurgafi þess er klæddur bárújárn. Þar var áður fjós. Í skúrnum við austurhliðina er hesthús og á langvegg þess eru steinsteyptir gluggar og hefur glerið verið sett í fals í steypuna. Guðmundur Hannesson lækni var upphafsmaður tilrauna til að gera glugga úr steinsteypu á fyrri hluta 20. aldar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Útihús af einfaldri gerð með takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af sögu jarðar en ekki mikið menningarsögulegt gildi þess fyrir utan.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af sögu jarðar og húsapýrpingu á bæjartorfunni en ekki mikið gildi þess fyrir utan.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin hafa tekið einhverjum breytingum með breyttri notkun en lag þeirra og megineinkenni er óbreytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsunum er viðhaldið og þau eru í þokkalegu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsin hafa gildi sem hluti af húsapýrpingu á bæjarstæði lögbýlis en þau hafa ekki mikið varðveislugildi í sjálfu sér.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús í einingahússtíl

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Fagrberg 44 áður en því var lyft haustið 2006



Hálsar 5, Fagurhóll, haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk	2006	Hús flutt af upprunalegum stað
Útveggir:	Timbur	Timbur		Fagrbergi 44, Hfirði og að Hálsu í
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Mótaðar málmplötur		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Kjallari	Einlyft		

Saga:

Húsið Fagurhóll eða Hálsar 5 er norðan við þjóðveg og um 200 m norðan við elsta íbúðarhúsið á Hálsu og langt utan gömlu heimatúna jarðarinnar. Í fasteignamati er húsið skráð sem einbýlishús byggt 2007 en hið rétta er að húsið var byggt 1982 og stóð upphaflega í Hafnarfirði og var þá Fagrberg 44. Í Hafnarfirði stóð húsið á steinsteyptum, nokkuð háum kjallara en á núverandi stað er ekki kjallari undir því. Ytra byrði hússins virðist að öðru leyti fremur lítið breytt. Við flutningana þurfti að hluta húsið í tvennt og var það flutt á tveimur bílum samkvæmt upplýsingum í frétt um flutningana í Fjarðarpósti. Samkvæmt fasteignamati er það 149,6 m² stórt. Húsið er með svípmóti einingahúsa frá lokum 20. aldar. Veggir hússins eru klæddir lóðréttum borðum nema í risi þar sem er lágréttir timburborð. Á þakinu er málmklæðning sem mótuð er í líki tígulsteina. Byggður hefur verið lítil inngönguskúr á húsið að vestan. Húsið virðist í mög góðu ásigkomlagi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Húsið er einfalt íbúðarhús sem hefur ekki sérstaklega hátt listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið stendur fyrir utan bæjartorfuna á lögbýli og hefur ekki sérstakt menningarsögulegt .
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið stendur fyrir utan bæjartorfuna á lögbýli, á svæði sem áður var óbyggt og hefur því fremum lágt umhverfisgildi.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsi stóð upprunalega á öðrum stað og var þá með steiptum kjallara og það hefur því tekið talsverðum breytingum.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í mjög góðu ástandi.

Varðveislugildi:	Lágt	Húsið er aðflutt og byggt á svæði sem áður var óbyggt innan lögbýlisjarðar, það er talið hafa lágt til miðlungs varðveislugildi.
-------------------------	------	--

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Tryggvi Sæmundss. & Kristín Jónsd.
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Braggi

Upphafleg notkun: Skemma
 Núverandi notkun: Skemma



Skemman, haustið 2020



Skemman, haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timburgrind, bárujárn	Timburgrind, bárujárn		
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Bogaþak	Bogaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Fast norðan við íbúðarhúsið Hálsa 5/Fagrahól er nýleg braggabygging, skemma. Húsið er innan íbúðarhúsalóðar Hálsa 5 og var það byggt 2016. Samkvæmt fasteignamati er það 68,9 m² að stærð. Skemman er braggalaga með bílskúrshurð á vesturgafli. Hún er klædd bárujárni og er í góðu ástandi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einföld braggabygging með takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Byggt nærri íbúðarhúsi á Hálsu 5 sem er á nýjum byggingarreit á lögbýlisjörð.
Umhverfisgildi:	Lágt	Byggt nærri íbúðarhúsi á Hálsu 5 sem er á nýjum byggingarreit á lögbýlisjörð.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið nýlegt og óbreytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í mjög góðu ástandi.

Varðveislugildi: Lágt Húsið er skemma við Hálsa 5 sem er á nýjum byggingarreit innan lögbýlisins, það hefur ekki sérstaklega mikið varðveislugildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Þorvaldur Jónss. & Dagný Sigurðard.
Hönnuður: Magnús Sigursteinsson
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteyppt útihúsasamstæða

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: Íbúð



Horn útihús 1984, Þjóðskjalasafn Íslands



Horn, sumarið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyppt	Steinsteyppt	2012	Fjárhúsi án kjallara og hlöðu breytt í íbúðarhús
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyppt	Steinsteyppt		
Útlit:	Einlyft; Kjallari	Einlyft; Kjallari		Sigurður Þorvarðarson, byggingatækniþræðingur

Saga:

Bæjarhúsin í Horni stóðu áður um 125 m norðaustan við núverandi íbúðarhús. Yngsta íbúðarhúsið á bæjarhólnum var steinsteyppt og byggt árið 1927. Til er lýsinga af húsinu frá 1940: "Úr steinst. veggir tvöfaldir, hæð og hátt ris, sem notað er til íbúðar. Á hæðinni: eldhús, búr og borðstofa. Á lofti: svefnherbergi og geymsla. Stærð: 6.9 x 6.9 m. Ófnhitun" (Byggingalýsingar 1940, Skorradalshreppur). Í Virðingagjörð frá 1956 er íbúðarhúsið sagt með tvöföldum steinsteypuveggjum og þar er það sagt byggt árið 1925. Þar kemur fram að húsið sé lélegt og að það sé "vart mannabústaður" (Þjóðskjalasafn Íslands, Byggingarstofnun landbúnaðarins A/107 A-Bæjarskjöl). Engu að síður stóð umrætt hús fram yfir 2000 en var orðið mjög hrörlegt eftir að búsetu lauk á jörðinni 1975. Árið 1956 stóðu útihúsin öll í gamla túninu og eru þar talin upp eftirfarandi hús: fjös, að hálfu steinsteyppt, hitt timbur, haughús steyppt með járnþaki, lambhús fyrir 25 kindur, veggir úr timbri og torfi, járnþak, tyrft. Fjárhúshlaða úr timbri með járnþaki, skúr fyrir 7 hesta, járnþak. Öll þessi hús eru horfin en sum þeirra voru skráð þegar fornleifaskráning var gerð á Horni (Kristborg Þórsdóttir. 2019). Núverandi byggingar voru byggðar sem tvístæð fjárhús (annað með áburðarkj.) 1983-1984 og teknar í noktun 1984. Það stendur utan marka gamla heimatúnsins í Horni, eins og þau voru mörkuð á túnakorti 1918. Í verkbeiðni frá 1981 (Byggingarstofnun landbúnaðarins) sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni Íslands kemur fyrst fram sú hugmynd að reisa tilraunafjárhús á Horni árið 1981 og í bréfum frá 1983 kemur fram að umrædd tilraunahús séu í byggingu. Til stóð að byggingin væri samvinnuverkefni bóndans á Horni, Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og Byggingarstofnunar landbúnaðarins en af því varð ekki þegar til kom. Þau voru alfarið byggð á kostnað og af ábúanda Horns, Þorvaldi Jónssyni. Húsin eru steinsteyppt með bárujárnklæddum mænisáspökum. Árni Hjörleifsson eignaðist Horn árið 2012 og hefur unnið að því að breyta vestari álmunni í íbúðarhús. Fyrir liggja samþykktar teikningar Sigurðar Þorvarðarsonar byggingafræðings, dagsettar 12. september 2012, að breytingunni sem miðar að því að eystri álman verði hesthús en sú vestari og hlaðan verði íbúðarhús. Búið er að setja upp innveggi í vesturálmunni, klædda gifsplötum. Einnig hefur verið innréttaður lítil hluti af hlöðunni, þ.e.a.s. smíðaður „gámur“ úr timbri inni í hlöðunni og innangengt í hann úr íbúðinni. Samkvæmt fasteignamati er rýmið þar sem fjárhús og ábyrgðarkjallari voru 122 m2 en hlaða 216 m2. Engin önnur hús standa nú á jörðinni.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Húsið var útihúsasamstæða en er nú unnið að breytingum til að gera það að íbúðarhúsi en er þeim hvernig nærri lokið.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið var áður útihús utan gömlu heimatúnanna á jörðinni og hefur takmarkað menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Umhverfisgildi hússins er fólgið í þeirri staðreynd að þetta eru yngstu og einu íbúðarhúsin á þessari lögbýlisjörð.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið var byggt sem útihúsasamstæða og hefur tekið miklum breytingum í gegnum tíðina.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Unnið er að endurbótum á húsinu og hlutar þess eru í betra ástandi en aðrir.

Varðveislugildi:

Miðlungs

Gildi hússins er fyrst og fremst fólgið í því að það er íbúðarhús lögbýlisjaðrar og eina húsið sem enn stendur á jörðinni.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Haukur Thors
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Frístundir/sumarhús
Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Fagrihvammur 2, haustið 2020



Fagrihvammur 2, haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Steniklæðning	Steniklæðning		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Viðbygging; Kjallari	Einlyft; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Fagrihvammur 2 er á eignarlandi sem skipt var úr Hvammslandi í kringum miðja 20. öld. Húsið er um 650 m SSA við starfsmannahúsið í Hvammi. Húsið var byggt af Hauki Thors sem átti um tíma bæði Hvamm og Stálpastaði en gaf Stálpastaði til Skógræktar og leigði Skógrækt ríkisins Hvamm undir skógrækt en hélt eftir litlu landsvæði þar sem hann byggði sér sumarbústað. Á þessum stað eru tvö hús sambyggð. Samkvæmt fasteignamati stendur þar orlofshús byggt árið 1944 sem er 189,2 m2 að stærð og skúr byggður 1950 (stærð ekki uppgefin). Í minningargrein um Hauk sem birtist í Morgunblaðinu þann 17. mars 1970 segir: "Forsjáni Hauks lýsti sér með eftirminnilegum hætti í skógræktarstafi hans. Hann keypti fyrir rúmum aldursfjórðungi jörðina Hvamm í Skorradal til að reisa þar sumarbústað. Í því fagra umhverfi kom hann sér upp ágætum bústað. Heima við húsið efndi Haukur til allmikillar skógræktar og lét sér annt um þroska hvernar plöntu. Til viðbótar keypti hann meiri lönd [Stálpastaði] og gaf þau skógrækt ríkisins." Sumarbústaðurinn er annars vegar hús sem snýr norðvestur-suðaustur og hins vegar mjórra hús sem snýr þvert á það. Bæði húsin eru steinsteypt og undir valmaþaki sem kætt er bárujárn. Sjálft húsið er klætt steniklæðningur en hefur líklega upphaflega verið steinsteypt en síðar einangrað að utan og klætt steniklæðningunni. Vestara húsið er breiðara og þak þess er aðeins hærra en vestara húsið. Húsin virðast byggð í tveimur áföngum en ef svo var er ekki augljóst hvort er eldra, þó líklega austara húsið. Bæði húsin eru á einni hæð og kjallari er undir hluta þeirra. Svo virðist sem reykháfi hafi verið bætt við húsið nærri austurvegg þess síðars og er þar örli til viðbygging. Pallur er sunnan og austan við hús. Við hlið hússins er malarplan og á bak við það er steypur grunnur þar sem líklega hefur staðið hús. Á flöt neðan þess eru nokkur leiktæki. Skammt norðan við húsið er bygging sem er niðurgrafin að hluta, eins konar torfhýsi sem líklega er geymsla. Húsið er nú í eigu stéttarfélagsins Eflingar og er leigt út til félagsmanna.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Stílhreint funkishús sem hefur nokkurt listrænt gildi í sjálfu sér en er í litlu samhengi við umhverfið.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur menningarsögulegt gildi í tengslum við sögu skógræktar á Íslandi en er einnig á bæjartorfu Hvamms hefur gildi sem hluti af húsþyrpingu þar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið hefur gildi sem eitt af húsum á bæjartorfu lögbýlis.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið samanstendur af tveimur byggingum sem hafa verið samtengdar. Hvorug þeirra virðist hafa tekið miklum breytingum.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í ágætu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið er að mörgu leyti áhugavert hús í funkisstíl en stingur í stúf við umhverfi sitt á þessum stað.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Bandaríski herinn
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Braggar

Upphafleg notkun: Flugvallarstarfsemi
Núverandi notkun: Geymslur



Braggasamstæða haustið 2020



Braggasamstæðan haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timburgrind, Bárujárn	Timburgrind, Bárujárn		
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:	Bogaþak	Bogaþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Talsvert stór braggasamstæða er nú þar sem gamli bærinn í Hvammi var áður. Á þessum stað stóð bærinn líklega um aldir en 1925 var byggt nýtt íbúðarhús nokkru austar, þar sem starfsmannahúsið stendur nú. Ekki er vitað hvort gamli bærinn var þá strax rifinn eða hvort hann stóð eitthvað áfram. Ljóst er að margvíslegar framkvæmdir á bæjarstæðinu hafa skemmt það mikið. Braggarnir sem þar standa nú voru að sögn Ágústs Árnasonar fyrrverandi skógarvarðar teknir niður á Keflavíkurflugvelli í lok seinni heimsstyrjaldarinnar og endurbyggðir í Hvammi þegar jörðin var í eigu Hauks Thors. Braggarnir eru með steinsteyptum göflum. Þrír þeirra standa hlið við hlið og snúa í suður-norður stefnu með steinsteypta suðurgafla og bera þannig með sér minni um burstabæinn. Aftan við þá og þvert á stefnu þeirra er hlöðubraggi, einnig með steypuöflum. Allir eru braggarnir mjög lélegir, bæði steypan og bárujárnið. Umgengni og umhirða þessara húsa er slæm.

Varðveislumat:

Lístrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einföld braggabygging.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Bragginn hefur ekki sterka menningarsögulega tenginginu inn á svæðið, er aðfluttur.
Umhverfisgildi:	Lágt	Er áberandi bygging úr tengslum við sögu jarðar, á bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Er væntanlega nokkuð breyttar byggingar, stóðu áður á Keflavíkurflugvelli.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Braggarnir eru í slæmu ástandi.
Varðveislugildi:	Lágt	Braggarnir eru aðfluttir og óvönduðu smíði í lélegu ástandi.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Sigrún Þorsteinsdóttir

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús, sumarbústaður

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Hvammsskógur 10, haustið 2020



Hvammsskógur 10, haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Mænispak	Mænispak		
Þakklæðning:		Mótaðar málmplötur		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft; Reykháfur; Útitröppur		

Saga:

Hvammsskógur 10 er hús sem ber öll einkenni sumarbústaðar og stendur í sumarbústaðahverfi en er skráð sem einbýli/heilsársbyggð. Húsið var byggt 2004 af Sigrúnu Þorsteinsdóttur og manni hennar Brynjólfi Markússon. Það er einlyft timburhús með lágreistu mænispaki. Úr miðri suðurhlíðinni gengur stofuálma með sneiddum hornum, einnig með mænispaki. Samkvæmt fasteignamati er húsið 102,8 m². Veggir eru klæddir láréttum borðum en málmþynnur mótaðar í tígulsteinalíki eru á þakinu. Þakbrúnir klæddar láréttum borðum. Við norðurhlíð hússins er „svalagangur“ og þar eru útidyr. Sunnan við húsið er mikill timburpallur með timburveggjum og handriðum. Vestast á pallinum er lítið hús, geymsla eða gestahús (15,8 m² skv. fasteignamati). Gluggar eru allir með litlum rúðum. Húsið er mjög góðu ástandi og vel um það gengið. Í upplýsingum frá eiganda kemur fram að til hafi staðið að byggja gestahús innan byggingarrelts, og í samræmi við skipulag og var vinna við hönnun hafin. Fyrir jóln 2020 kom leki í kjallara fram og við skoðun kom í ljós að drenið í kringum bústaðinn var stíflað og í raun ónýtt og þurfti að rífa allt innandyra í kjallara, rífa pallinn og grafa hringinn í kringum húsið, leggja nýtt dren og endurbyggja í framhaldi af því og við framkvæmdirnar var stór hluta af pallinum tekinn í burtu og hluti af honum (sunnan við bústaðinn) var lækkaður m.v. gólfhæð í kjallara og búnar til vistarverur með gluggum í kjallara. Við þessar framkvæmdir höfum við sett áform um gestahús á ís.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Snyrtilegur sumarbústaður sem getur þó vart talist hafa hátt listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Heilsárshús í sumarbústaðahverfi þar sem ekki var búseta fyrr en á seinni hluta 20. aldar.
Umhverfisgildi:	Lágt	Bústaðurinn hefur ekki sérstakalega hátt umhverfisgildi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Bústaðurinn er fremur nýlegur og sjálfsgagt lítið breyttur.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í mjög góðu ástandi.

Varðveislugildi: Lágt Húsið er vel byggt og í góðu ástandi en hefur þó takmarkað varðveislugildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Skógrækt ríkisins
Hönnuður: Gunnar Hansson. arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Starfsmannahús Skógræktar
Núverandi notkun:



Hvammur BB II, 232



Hvammur starfsmannahús, haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Einhalla (skúrþak)	Einhalla (skúrþak)		
Þakklæðning:		Bárújárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft; Útitröppur; Viðbygging; Kjallari	Tvílyft; Útitröppur; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Þegar túnakort er gert fyrir Hvamm 1918 stóð íbúðarhúsið á jörðinni (gamli bærinn) nokkru vestan við þar sem nú stendur steinsteypt starfsmannahús. Á þeim stað sem starfsmannahúsið reis voru áður útihús samkvæmt túnakortinu en árið 1925 var byggt íbúðarhús á sama stað af Bjarna Jónssyni sem flutti að Hvammi árið 1918 ásamt fjölskyldu sinni. Til er lýsing af umræddu húsi frá 1940 en í henni segir: "Steinst. járnv. hátt ris með kvisti, hæð og kjallari. Í kjallara: eldhús og geymsla. Hæðin, íbúð og einnig að nokkru í risi. Ofnhitun. Inngangssskúr úr steinst. 5 x 2.5 m". (Byggingalýsingar 1940, Skorradalshreppur). Það hús var líklega rífið þegar starfsmannahúsið var reist. Á þessum stað standa nú tvö sambyggð hús sem byggð voru 1966-1967. Á byggingavottorði er fjallað um stækkun íbúðarhússins um 70m2 auk aðgerðar á gamla húsinu. Virðist því fyrsta hugmyndin hafa verið að byggja við húsið frá 1925, til norðurs og fylgja tvær teikning af slíku fyrirkomulagi frá því í maí 1967 (varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands, Byggingarstofnun landbúnaðarins A/144 A-Bæjarskjöl) en teikningin er eftir Sigurð Einarsson. Svo virðist sem nyrðra húsið hafi risið eftir umræddri teikningu en ekki er ljóst hvort það var einhverju sinni tengt húsinu frá 1925. Starfsmannahúsið vestar virðist rísa strax árið á eftir. Það teiknaði Gunnar Hansson arkitekt. Það er steinsteypt og á tveimur hæðum með einhalla þaki og er neðri hæð þess mikið niðurgráfin að norðanverðu, að brekkunni, en að fullu úr jörðu að sunnan. Austara húsið, verkstjóraíbúðin, er í álmu sem gengur þvert á aðalhúsið og mun er það mun minna en er með einhalla þaki. Lítil tengibygging er á milli húsanna tveggja. Þau virðast hafa verið vanrækt um nokkuð langa hríð en nú standa yfir viðgerðir og endurbætur. Búið er að endurnýja þak og viðgerð innandyra er hafin. Nokkuð ber á múrskemmum utan á veggjum. Samkvæmt upplýsingum af vef skógræktarinnar (<https://www.skogur.is/is/um-skograektina/skograektin/fasteignir/vesturland-1/hvammur>) hefur húsið verið gert upp í áföngum á síðustu árum. Þar segir "Það er hæð og kjallari. Starfsmannahúsið er viðbygging við eldra hús, sem áður þjónaði sem starfsmannahús. Eldra húsið hýsir skrifstofu skógarvarðarins á Vesturlandi".

Þegar flétt er upp á Hvammi í fasteignamati kemur aðeins fram "jörð" og "lax/silungsveið" þ.e. ekki húsin.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Stílhreint funkishús sem hefur nokkurt listrænt gildi í sjálfu sér en er í litlu samhengi við umhverfið.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur menningarsögulegt gildi í tengslum við sögu skógræktar á Íslandi en er einnig á bæjartorfu Hvamms hefur gildi sem hluti af húsþyrpingu þar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið hefur gildi sem eitt af húsum á bæjartorfu lögbýlis.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið samanstendur af tveimur byggingum sem hafa verið samtengdar. Hvorug þeirra virðist hafa tekið miklum breytingum.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í ágætu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið er að mörgu leyti áhugavert hús í funkisstíl en stingur í stúf við umhverfi sitt á þessum stað.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Jóhann Sigurðarson
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Íbúðarhúsið Hvammur/Hvammshlíð 2020



Íbúðarhúsið Hvammur/Hvammshlíð 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:		Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárújárn		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Einlyft; Kjallari	Einlyft; Útitröppur; Kjallari		

Saga:

Ofan við veginn inn Skorradal og um 75 m ofan (NNA) við starfsmannabústaðinn í Hvammi er íbúðarhúsið Hvammshlíð. Það var byggt 1979 sem íbúð skógarvarðar. Það var í jaðri gamla heimatúnsins eins og það er sýnt á túnakorti frá 1918 og á sama stað var áður fjárhús úr torfi og grjóti. Húsið er timburhús með mænisþaki á steinsteypum kjallara og á vesturgafli hans bílskúrhurð. Veggir hússins eru klæddir lóðréttum borðum en bárújárn er á þakinu. Húsið virðist í dágóðu ástandi. Það er 174,7 m² samkvæmt fasteignamati. Landnúmerið er merkt "Íbúðarhúsaloó".

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einfalt timburhús án mikils listræns gildis.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er íbúðarhús á stað sem slíkt hús hafði ekki áður staðið. Menningarsögulegt gildi hússins helst tengt sögu skógræktar á Íslandi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið reist á svæði þar sem áður voru útihús og tengist nýju hlutverki jarðarinnar en er ekki talið hafa hátt umhverfisgildi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið virðist lítið breytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu virðist ágætlega viðhaldið.

Varðveislugildi: Lágt Húsið er einfalt að gerð og hefur ekki sérstakt umhverfisgildi þótt það sé í ágætu ástandi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Lerkihvammur, haustið 2020



Lerkihvammur haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Steining, kvarts og tinna	Steining, kvarts og tinna		
Þakgerð:	Flatt þak	Flatt þak		
Þakklæðning:				
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft; Reykháfur; Svalir; Viðbygging	Tvílyft; Reykháfur; Svalir; Viðbygging		

Saga:

Lerkihvammur er einbýlishús nokkru vestan við Hvamm en þó fjarri sumarbústaðahverfis í Hvammslandi. Húsið var byggt 2009 og er 184,6 m² stórt með 21.4 m² bílskúr viðbyggðum. Lítið gestahús úr timbri er í skógarjaðrinum austan við húsið (óskráð). Húsið er mjög stórt og veglegt, gert úr steinsteyptum einingum, tvær hæðir með flötu þaki. Neðri hæðin niðurgráfin að brekkunni en að fullu úr jörðu að sunnan. Steinsteyptar svalir út frá efri hæðinni að sunnanverðu. Í yfirborði útveggja er kvartsmulningur. Allstór hellulögð flöt framan við húsið. Húsið er mjög vandað og fallega mótað en stingur svolítið í stúf í því umhverfi sem það er.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Vel útfært móðernískt hús en ætti e.t.v. betur heima í öðru umhverfi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er á milli heimatúns og sumarbústaðahverfis, er heilsárshús á svæði þar sem ekki hefur áður verið byggð, það hefur ekki mikla menningarsögulega tengingu við svæðið.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er á milli heimatúns og sumarbústaðahverfis, er heilsárshús á svæði þar sem ekki hefur áður verið byggð, það sker sig á afgerandi hátt úr umhverfi sínu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er nýbyggt og sjálfsagt óbreytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er nýbyggt og í mjög góðu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Fallegt og vel byggt hús sem sker sig talsvert úr umhverfi sínu og virðist ekki falla vel að því.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Bandaríski herinn

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Braggi

Upphafleg notkun: Mannvirki hersins á flugvelli

Núverandi notkun: Geymsla



Bragginn, haustið 2020



Braginn haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timburgrind, bárujárn	Timburgrind, bárujárn		
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Bogaþak	Bogaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Stakur braggi er innan við 5 m norðvestan við braggasamstæðu í Hvammi. Líkt og stærri braggasamstæða austar er bragginn á gamla bæjarstæðinu í Hvammi en á þessum slóðum stóð bærinn allt til 1925. Um braggann gildir líklega líkt og aðra bragga í Hvammi að hann stóð upphaflega á Keflavíkurlugvelli en var fluttur í Hvamm þegar Haukur Thors átti jörðina. Líkt og með hina braggana hefur verið gerð tilraun til að gera mænisásgafl á húsið að sunnanverðu en þak þess er þó bogadregið og bragginn að öðru leyti mjög dæmigerður, klæddur bárujárni og með stórar tvöfaldar dyr að sunnan. Bragginn er í slæmu ástandi og nærri því að teljast að hruni kominn.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einföld braggabygging.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Bragginn hefur ekki sterka menningarsögulega tenginginu inn á svæðið, er aðfluttur.
Umhverfisgildi:	Lágt	Er áberandi bygging úr tengslum við sögu jarðar, á bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Er væntanlega nokkuð breyttar bygging, stóðu áður á Keflavíkurlugvelli.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Bragginn er í mjög slæmu ástandi.
Varðveislugildi:	Lágt	Bragginn er aðfluttur og óvönduðu smíði í lélegu ástandi.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Útihús á timburgrind

Upphafleg notkun: Þvottahús

Núverandi notkun: Úr notkun



Innandrya í þvottakofa, haustið 2020



Þvottakofi 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Bárujárn, timburgrind	Bárujárn, timburgrind		
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:		Einhalla (skúrþak)		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft; Reykháfur	Einlyft; Reykháfur		

Saga:

Lítill kofi er 30-40 m austan við íbúðarhúsin í Hvammi. Ekki er vitað hvenær kofinn var byggður. Hann er með einhalla þaki sem stendur við lítinn læk. Timburgrind er í húsinu og er hún klædd bárujárni. Lítill gluggi er ofan við dyr á suðurgafli en að öðru leyti er húsið gluggalaust. Í húsinu er reyksháfur og pottjárnspottur yfir eldstæði og steinsteypt þró til þvotta. Húsið hefur gildi sem hluti af búsetusögu svæðisins og þótt leifarnar séu lélegar búa þær yfir hrörlegri fegurð. Ofan við það er mjög há grjót- og malarfylling vegarins um Skorradal sem endurbættur var sumarið 2020.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einfaldur, óvandaður kofi sem er að hruni kominn.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Kofinn hefur eitthvert gildi sem hluti af búsetusögu jarðar.
Umhverfisgildi:	Lágt	Einfaldur, óvandaður kofi en hefur þó gildi sem hluti af búsetusögu svæðis.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Líklega hefur kofinn ekki tekið mjög miklum breytingum frá því að hann var byggður.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Einfaldur, óvandaður kofi sem er að hruni kominn.

Varðveislugildi: Lágt Einfaldur, óvandaður kofi sem er að hruni kominn.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Sveinn Sigurðsson

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Einföld bílskúrsbygging

Upphafleg notkun: Bílskúr

Núverandi notkun: Bílskúr



Bílskúrin, haustið 2020



Bílskúrin, haustið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Trapisujárn	Trapisujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Trapisujárn	Trapisujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Bílskúr er skammt austan við íbúðarhúsið á Indriðastöðum. Upplýsingar um hann er ekki að finna í fasteignamati. Húsið er byggt eftir að Byggðir Borgarfjarðar II kemur út (1989) en fyrir 1996 (sem sést á loftmynd frá þeim tíma), eða í kringum 1990. Húsin er einfalt, steinsteypt hús með mænisþaki. Það er klætt trapisujárni (bæði veggir og þak). Á norðurgafli er stór bílskúrshurð en inngönguhurð nyrst á austurvegg. Tveir gluggar eru á báðum langveggjum. Járnið er mjög víða tekið að ryðga, en að öðru leyti virðist húsið er ágætu ásigkomulagi. Ekki er vítað til að hús hafi áður staðið á þessum stað en það er í raun innan marka gamla bæjarhólsins á Indriðastöðum.

Varðveislumat:		
Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einfaldur bílskúr með lítið listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Bílskúrin var byggður skömmu áður en búskapur á jörðinni legst af og tekst hafa lágt menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Bílskúrin var byggður skömmu áður en búskapur á jörðinni legst af og hefur ekki sérstakt gildi fyrir umhverfi sitt.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Bílskúrin hefur líklega tekið litlum sem engum breytingum á árunum frá því að hann var byggður.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Klæðning bílskúrsins er eitthvað tekin að ryðga, annars virðist ástand hans nokkuð gott.
Varðveislugildi:	Lágt	Einfaldur og nýlegur bílskúr sem hefur ekki sérstakt varðveislugildi.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Sigurður Daníelsson
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Útihúsasamstæða

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: Úr notkun að mestu



Útihúsasamstæðan 2020



Útihúsasamstæðan sumarið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur	Timbur		
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Skammt norðan við íbúðarhúsið á Indriðastaðum er mikil útihúsabyrping, sambyggð. Samstæðan að mestu bárujárnsklædd á timburgrind en gaff í hlöðu og einn langveggur í fjárhúsi eru steipt auk súrheysturns. Samstæðan er innan gamla túnsins eins og það er sýnt á túnakorti frá 1918 en ekki stóðu þá hús á þessum stað og hafa líklega ekki gert fyrir umrædd hús voru byggð. Samstæðan samanstendur af a.m.k. 5 byggingum sem flestar eru byggar frá 1964-1990 en þó hugsanlega haughús talsvert fyrr eða 1928. Af öðrum húsum hafa fjárhús og hlaða með súgþurrkun risið fyrst (árið 1964), fjós og votheysturn voru byggð árið 1969 ásamt véla/verkfærageymslu. Árið 1971 er yngra haughús gert og 1972 mjólkurhús. Síðasta húsið sem byggt var á þessum stað var hlaða með súgþurrkun, byggð 1990. Þegar Byggðir Borgarfjarðar kom út árið 1989 hóstu fjárhús jarðarinnar 400 fjár og fjós 18 nautgripi. Ástand húsanna er misjafnt. Fjárhúsin eru stór en illa viðhöf. Umtalsverðum hluta útihúsanna var breytt og þau innréttuð sem veitinga- og/eða samkomustaður. Gólf í hlöðunum voru lögð steinsteyptum hellum, veitingældhús innréttuð og viðeigandi snyrtingar útbúnar. Eldvarnarveggur var byggður til að hólfa starfseminni niður. Enginn rekstur er nú í húsunum og þau aðeins notuð að hluta til sem geymsla.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Samsafn útihúsbygginga sem hafa takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Útihúsin hafa fremur takmarkað menningarsögulegt gildi en tengjast þó búsetusögu jarðarinnar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Útihúsin hafa fremur takmarkað umhverfisgildi nema það sem snýr að búsetusögu jarðarinnar.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsasamstæðan hefur tekið miklum breytingum frá því að elsta húsið var byggt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin eru farin að láta nokkuð á sjá en þeim hefur þó eitthvað verið haldið við og eru í sæmilegu ástandi.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsin hafa ekki sérstakt varðveislugildi í sjálfa sér en byggingarnar eru þó hluti af búsetusögu jarðarinnar.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Sveinn Sigurðsson

Hönnuður: Björn H. Jóhannsson

Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð; Frístundir/sumarhús



Indriðastaðir, BB II, 233



Íbúðarhús Indriðastaða ágúst 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:		Klætt trapisu-járni		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		trapisujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Íbúðarhúsið á Indriðastöðum stendur á bæjarhól jarðarinnar. Gömul bæjarhús stóðu á hólnum í upphafi 20. aldar og þá stóð (samkvæmt Byggðum Borgarfjarðar II) húsmennskubýlið Pálsbær vestast í bæjarröðinni. Árið 1927 var byggt steinsteypt íbúðarhús á hólnum innan við 10 m vestan við núverandi hús. Til er lýsing á því húsi frá árinu 1940: "Með 2 risum, steinst. porthæð með kjallara. Stærð 9,3 x 8,1 m. Á porthæðinni 5 herbergi, í kjallara: eldhús búr og geymslur. Byggt 1927, aðalviðgerð 1937. Inngangur og geymsluskúr með kjallara í 3/4 hlutum. Kjallari steinsteyptur, hitt timbur járnv. Miðstöð 7 ofnar. Geymsluskúr með hlöðu: 11,3 x 2,5 m. Járnv. þak. Geymsluhús úr torfi undir lélegu járnþaki. Stærð 7.5 x 3 m." (Byggingalýsingar 1940, Skorradalshreppur). Það var greinilega enn standandi þegar Byggðir Borgarfjarðar var rituð 1989 (BB II, 233) en var líklega rífið fljótlega. Íbúðarhúsið sem nú stendur á Indriðastöðum er steinsteypt og var byggt 1987. Það er teiknað af Birni H. Jóhannssyni og tvær teikningar af því eru varðveittar á Þjóðskjalasafni Íslands (Byggingarstofnun landbúnaðarins BS/18 BC-teikningar íbúðarhús 01-3716). Það er ein hæð með lágreistu mænisþaki, klætt trapisujárni, ýmist lágrétt eða lóðrétt. Samskonar járn er á þakskeggi. Járnið er víða tekið að ryðga en að öðru leyti virðist húsið í góðu ásigkomulag. Húsið er samkvæmt fasteignamati 186,3 m2 að stærð. Talsvert land selt var út úr jörðinni á síðustu árum, undir skógrækt og þar hefur einnig risið talsvert sumarbústaðahverfi. (BB II, 233).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Húsið er einfalt að gerð og hefur takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er á bæjarhóli Indriðastaða, yngsta húsið í langri sögu bæjarhúsa á jörðinni, á bæjarhólnum.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið hefur gildi sem yngsta íbúðarhúsið á gamalli lögbýlisjörð og er í miðju gamla túnsins.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist lítið hafa breyst frá því að það var byggt 1987.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Járnklæðining hússins er nokkuð ryðguð en húsið virðist að öðru leyti í ágætu ástandi.

Varðveislugildi:

Miðlungs


Húsið er yngsta bæjarhúsið á Indriðastöðum og hefur gildi sem slíkt þótt listrænt gildi þess sé takmarkað.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Burstabæjarrómantík

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Litla-Drageyri BB II, 234



Litla-Drageyri í ágúst 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	Byggt var viðbótarburst við húsið að austan, inngönguskúr að vestan	
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Ris; Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Kvistir; Ris; Svalir; Kjallari		

Saga:

Íbúðarhúsið á Litlu-Drageyri er á gamla bæjarhólnum og af túnakorti frá 1918 má ráða að þar hafi þá staðið eldri hús á hartnær sama stað. Húsið var byggt inn í gamla bæjarhólinn að hluta og kjallarinn var mikið niðurgrafinn að sunnanverðu en aðeins lítið að norðan. Nú hefur verið grafið frá kjallaranum að sunnan og nýr kjallaraveggur steypdur utan á gamla steypuvegginn. Samkvæmt Byggðum Borgarfjarðar var íbúðarhúsið byggt 1931 og er það 347 m3 að stærð (BB, 234). Íbúðarhúsið samanstendur af tveimur burstum. Það er timburhús á steinsteyptum kjallara, með bárujárni og veggjum og þaki. Vestari burstin, sem byggð var um 1930, er mjórri og við vesturhlið hennar er skúrlaga viðbygging með steinsteyptum langvegg. Eystri burstin var byggð síðar, líklega eftir að jörðin komst í eigu nýs eiganda og er hún með óvenjulegum hornluggum. Við austurhlið hússins er viðbygging sem myndar stóran pall eða svalir og undir þeim er geymsla sem opin er til suðurs. Veggir viðbyggingarinnar eru klæddir bárujárni. Á austurhlið eystri burstarinnar er kvistur og þar eru dyr út á pallinn. Húsið er byggt í anda burstabæjarrómantíkur, húsagerð sem algeng var á fyrstu áratugum 20. aldar. Haraldur Á. Sigurðsson leikari keypti jörðina 1936 og gerði tilraun til reksturs refabús á henni. Jörðin er enn í eigu afkomenda hans. Samkvæmt upplýsingum frá þeim byggði Haraldur líklega fyrst eystri burstina við bæjarhúsin til sumardvalar en leiguliði var með búsetu í vestari burstinni. Síðar (líklega rétt fyrir 1940) byggði hann sér sumardvalarhús norðar á jörðinni sem stendur enn. Til er lýsing á húsinu frá 1940: "2 Sambyggð, porthæðir og kjallarar. Porthæðirnar eru úr timbri. Í porthæðinni eru 4 herbergi og gangur. Í kjallara: eldhús, bað, íbúðarherbergi og gangur. Stærð 6,95 x 8 m. Inngangsskúr úr sama efni með íbúðarherbergi. Stærð 6,95 x 2,5 m. Miðstöð 8 ofnar. Vatnsleiðsla." (Byggingalýsingar 1940, Skorradalshreppur). Hefðbundinni búsetu lauk á jörðinni 1977. Á undanförunum hefur verið hafist handa við að gera gamla bæinn upp. Suðurhliðin var steipt upp og skúrbygging að vestan endurerð. Allt bárujárn hússins er einnig nýlegt. Endurbætur hafa nú staðið yfir í nokkur ár og húsið er hálf-viðgert en virðist að nokkru í óreiðu að innan. Eigendur eru með nokkurn fjölda hesta á jörðinni og hafa verið með skipulagðar hestaferðir samkvæmt Haraldi Ásgeiri Aikman, einum eiganda. Húsið er bárujárnsklæddur burstabær frá fyrri hluta 20. aldar vitnar um byggingarhætti 19. aldar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsið er bárujárnsklæddur burstabær frá fyrri hluta 20. aldar vitnar um byggingarhætti 19. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er síðasta íbúðarhúsið á lögbýlinu Litlu-Drageyri og hefur talsvert vægi sem slíkt.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er síðasta íbúðarhúsið á lögbýlinu Litlu-Drageyri og hefur talsvert vægi sem slíkt.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsinu hefur nokkuð verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Hafist hefur verið handa við endurbætur en fæstum verkþáttum að fullu lokið.

Varðveislugildi:

Miðlungs

Húsið er yngsta íbúðarhúsið á jörðinni, burstabær frá fyrri hluta 20. aldar vitnar um byggingarhætti 19. aldar.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypð útihúsasamst.

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: Úr notkun



Útihúsasamst, 2020, ekki fannst eldri mynd



Útihúsasamstæðan 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:		Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Vestan við íbúðarhúsið á Litlu-Drageyri er samstæða steinsteyptra útihúsa sem reis í áföngum á tímabilinu 1924-1950. Elstu húsin eru tvær hlöður frá 1924 og 1932 en 1938 voru reist frekari hús á þessum stað: fjós, hesthús, haughaus, geymsla (eða hlaða) og votheysgryfja og árið 1950 var annarri votheysgryfju bætt við. Húsin hafa væntanlega verið í notkun þar til jörðin fór í eyði 1977 en þau hafa verulega látið á sjá síðan. Bárujárnsþök þeirra eru að mestu leyti fallin og steyptir veggir veggir þeirra eru afar lélegir, sumir hafa þegar hrunið. Mikið af rusli er inni í fjárhúsunum og þaksperrur og bárujárn að mestu fallið og stafar af þeim nokkur fokhætta. Eigendur hafa eitthvað hreinsað úr rústunum og hafa hug á því að halda þeim við á einhvern hátt. Húsin eru afar illa farin en t.d. kæmi til greina að láta einhvern hluta steinsteypuveggjanna standa áfram sem rústir eða minjar um horfna búskaparhætti.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Húsið hefur ekki sérstakt listrænt gildi enda útihúsasamstæða af einfaldri gerð.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur gildi sem hluti af mannvirkjum í heimatúni Litlu-Drageyrar á 20. öld.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið hefur gildi sem hluti af mannvirkjum í heimatúni Litlu-Drageyrar á 20. öld.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið breyttist talsvert á 4.-6. ártugnum þegar sífellt fleiri hús bættust í þyrpinguna, það er að auk að nokkru leyti niðurrifið.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið er illa farið, ónýtt að mestu.

Varðveislugildi: Lágt Húsið hefur lítið varðveislugildi nema fyrir þá sök að það vitnar um búsetusögu á jörðinni.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Haraldur Á Sigurðsson

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt timburhús

Upphafleg notkun: Frístundir/sumarhús

Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Sumarbústaðurinn mynd í eigu fjölskyldu



Sumarbústaðurinn sumarið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Ris; Reykháfur; Útitröppur; Kjallari	Einlyft; Ris; Reykháfur; Útitröppur; Kjallari		

Saga:

Haraldur Á. Sigurðsson leikari eignaðist Litlu-Drageyri á 4. áratug 20. aldar. Hann stofnaði þar refabú, sem starfrækt var í fáein ár um og upp úr 1940 og byggði þá og bjó í austari burstinni á bænum á Litlu-Drageyri. Í kringum 1940 hóf hann hins vegar byggingu sumarbústaðar á vatnsbakka Skorradalsvatns og samkvæmt heimildamönnum var húsið tilbúið að mestu 1941 þótt það hafi verið virt seinna og en samkvæmt fasteignamati var húsið fullbyggt 1944. Húsið er timburhús og var efnið endurnýtt byggingarefni refahússins, sem þá var hætt rekstri. Húsið er bárujárnsklætt með mænisþaki, tvær álmur, á steinsteyptum sökkli. Í nokkur undanfarin ár hefur verið unnið að endurbótum á húsin. Veggir hafa verið einangraðir á ný og fyrirkomulag innandyrna endurskipulagt. Húsið virðist vera í góðu ásigkomulagi. Það er sennilega á meðal elstu sumarhúsa við Skorradalsvatn – ef til vill það elsta. Það er nú í eigu afkomenda Haraldar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsið er einfalt timburhús og er listrænt gildi þess lágt eða í meðallagi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið var byggt af og í eigu Haraldar Á. Sigurðssonar leikara og stórkaupmanns. Það er líklega eitt elsta sumarhúsið í Skorradal og hefur gildi sem slíkt.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Bústaðurinn er á svæði sem áður var óbyggt en fellur vel inn í þéttan birkiskóginn á þessum slóðum.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er líklega lítið breytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í ágætu ástandi og líklega verður áfram haldið nauðsynlegu viðhaldi á því á næstu árum.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur nokkuð menningarsögulegt gildi og gæti verið eitt elsta sumarhúsið í Skorradal.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Skorri Andrew Aikman

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Einingahús úr timbri

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Litla-Drageyri 2, síðsumars 2020



Litla-Drageyri 2, síðsumars 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Mótaðar málplötur	Mótaðar málplötur		
Undirstaða:	Tréstaumar	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft; Hornsneitt; Ris; Útitröppur	Tvílyft; Hornsneitt; Ris; Útitröppur		

Saga:

Litla-Drageyri 2 er timburhús er í skógarjórri nærri suðurbakka Skorradalsvatns. Húsið er myndarlegt, 181,5 m² og er með bröttu risi. Húsið er byggt 2007 og er í mjög góðu ástandi. Hugmyndin af hönnuninni kemur frá sumarbústað annars staðar frá en húsið á Litlu-Drageyri er helmingi stærra en fyrirmyndin. Húsið er einingahús frá Litháen. Eigandi þessi, barnabarn Haraldar Á. Sigurðssonar, er Skorri Andrew Aikman.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsið er einingahús smíðað í Litháen. Er vandað að gerð en hefur takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er einingahús á slóðum þar sem ekki er löng hefð fyrir byggð.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er einingahús á slóðum þar sem ekki er löng hefð fyrir byggð.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er nýlegt og lítið sem ekkert breytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í mjög góðu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið er veglegt einingahús frá Litháen, vel byggt en hefur fremur lágt menningarsögulegt gildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Jón E. Einarss. & S. Fjóla Benediktsd.

Upphafleg notkun: Bílskúr

Núverandi notkun: Bílskúr

Hönnuður: Ekki þekktur



Bílskúrin sumarið 2020



Bílskúrin sumarið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Tímur, bindingsverk	Tímur, bindingsverk		
Útveggir:	Trapisujárn	Trapisujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Bílskúr/geymsla er rúmum 10 m norðaustan við íbúðarhúsið í Mófellsstaðakoti. Húsið er í jaðri gömlu bæjartorfunnar eins og hún er sýnd á túnakorti frá 1918 en ekki er vitað til að þar hafi áður staðið hús. Bílskúrin var byggður árið 2012 og er húsið merkt sem geymsla í fasteignamati og er 57 m². Það er timburhús og snýr austur-vestur. Húsið er klætt trapisujárni og á því er lágreist mænisþak. Bílskúrsdyr eru á vesturstafni og göngudyr og aðrar dyr eru á suðurhlíð. Húsið er í mjög góðu ástandi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Nýlegur bílskúr með lítið listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Nýleg bygging með takmarkað menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Bílskúrin er hluti af húsabyrpingu á og við bæjarhól og hefur eitthvert gildi sem hluta af henni.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er nýlegt og lítið eða ekkert breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í mjög góðu ástandi.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er einfalt og hefur lítið varðveislugildi nema sem hluti af húsabyrpingu á og við bæjarhól.
-------------------------	----------	---

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Jón E. Einarss. & S. Fjóla Benediktsd.

Upphafleg notkun: Landbúnaður

Núverandi notkun: Landbúnaður

Hönnuður: Ekki þekktur



Fjárhúsin sumarið 2020



Fjárhúsin sumarið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Trapisujárn	Trapisujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárújárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Um 85 m austan við íbúðarhúsið í Mófellsstaðakoti eru fjárhús á steinsteyptum áburðarkjallara. Húsin eru utan við mörk gamla heimatúnsins eins og það var í upphafi 20. aldar og ekki er vítað til að byggingar hafi áður staðið á þessum slóðum. Húsið reis 2002 eftir rúllubindavæðingu heyvinnslunnar og því án hlöðu. Það er 245,2 m² samkvæmt fasteignamati. Húsið er háreist og að sögn Jóns Eiríks Einarssonar ætti að vera hægt að nýta húsið sem vélageymslu eða -verkstæði ef sauðfjárbúskapur leggst af. Á vesturhlíð hússins eru stórar dyr sem féð gengur um og hægt að aka um á dráttarvél. Lítil kofi stendur austan við húsið. Húsið virðist í mjög góðu ástandi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Nýleg og einföld fjárhúsbygging með takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsin hafa ekki annað menningarsögulegt gildi en það sem lítur að búskaparsögu svæðisins.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin eru hluti af þeirri heild sem íbúðar- og gripahús í heimatúninu mynda.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsin eru nýleg og lítt breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsin eru nýleg og í góðu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsin hafa gildi semhluti af menningarlandslagi jarðarinnar þótt sjálf húsin hafi ekki mikið byggingarlegt gildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Eiríkur Sigurðss. og Jónína R. Magnúsd.

Upphafleg notkun: Landbúnaður

Hönnuður: Ekki þekktur

Núverandi notkun: Landbúnaður

Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteyppt útihúsasamst.



Fjós, kálfahús og hlaða 2020



Fjós, kálfahús og hlaða 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyppt	Steinsteyppt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyppt	Steinsteyppt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Sunnan við íbúðarhúsið í Mófellsstaðakoti er stór útihúsasamstæða á svipuðum stað og gamli torfbærinn á jörðinni stóð áður en þó hefur líklegast verið kálgarður á stærstum hluta svæðisins 1918 ef marka má túnakort frá því ári. Útihúsasamstæðan samanstendur af 4 -5 húsum. Elsta húsið er (samkvæmt fasteignamati) hlaða sem byggð var 1951. Árið 1956 voru byggð fjós og véla-/verkfærageymsla við það og mjólkurhús árið 1969. Kálfahús var byggt við samstæðuna 1993. Samkvæmt Bygðum Borgarfjarðar (frá 1989, bls. 235) var fjósið fyrir 12 nautgripi. Samstæðan samanstendur af nokkrum húsum sem snúa þvert á hvert annað en eiga það sammerkt að vera steinsteyppt og með mælisþaki klæddu bárujárn. Þau virðast í sæmilegu ástandi og bærilega hirt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Samsett útihúsabygging með takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsin hafa ekki menningarsögulegt gildi nema sem hluti af búskaparsögu jarðar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin eru hluti af þeirri búskaparheild sem íbúðarhús og gripahús í heimatúni mynda.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsin eru byggð í mörgum áföngum og talsvert breytt frá því fyrsta húsið rís.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin eru í sæmilegu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsin hafa gildi sem hluti af menningarlandslagi jarðarinnar þótt sjálf húsin hafi ekki mikið byggingarlegt gildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Guðrún & Vigdís Eiríksdætur

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: steinsteypt útihúsasamst.

Upphafleg notkun: Landbúnaður

Núverandi notkun: Landbúnaður



Vélageymslan sumarið 2020



Vélageymslan sumarið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Sunnan við íbúðarhúsið í Mófellsstaðakoti er stór útihúsasamstæða og austar vélaskemma á svipuðum stað og gamli torfbærinn á jörðinni stóð. Vélaskemman er byggt 1969 samkvæmt fasteignamati. Hún er einfalt, steinsteypt hús með bárujárnsklæddu mænisþaki. Húsin virðast í sæmilegu ástandi og bærilega hirt.

Varðveislumat:		
Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einföld bygging með takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsin hafa ekki menningarsögulegt gildi nema að því leyti að þau eru hluti af búskaparsögu jarðarinnar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin eru hluti af þeirri búskaparheild sem íbúðarhús og gripahús í heimatúninu mynda saman.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin virðast lítið breytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin eru í sæmilegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af menningarlandslagi jarðarinnar þótt sjálf húsin hafi ekki mikið gildi í sjálfu sér.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Eiríkur Sigurðss.& Jónína R Magnúsd.
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Úr Sarpi, frá 1953-1957, mynd Alfred D. Jónss



Mófellsstaðakot sumarið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Valmaþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Útitröppur; Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris; Útitröppur; Kjallari		

Saga:

Jörðin hét áður Mófellsstaðakot ytra og einnig Kolbeinsstaðir og var upprunalega hjáleiga Mófellsstaða. Íbúðarhúsið sem stendur á jörðinni var byggt 1950 en fram að þeim tíma stóð þar torfbær, fast sunnan við núverandi hús. Til er lýsing af honum frá 1940 en í henni segir: "Torfbær með járnþaki. Stærð 6,88 x 3,4 m. Frambær, eldhús og inngangur. Stærð 6,28 x 3,7 m. Úr torfi undir járn og torfi." (Byggingalýsingar 1940, Skorradalshreppur). Íbúðarhúsið var byggt þar sem áður var kálgarður skammt frá gamla bænum samkvæmt túnakorti frá 1918. Húsið er ein hæð með kjallara og 98,9 m2 að stærð. Upphaflega var valmaþak á húsinu en skipt var um þak á því og nú er mænisþak á því með austur-vestur stefnu. Við norðurhlíð eru steinsteyptar tröppur og skúrbyggingu hefur verið bætt við sunnarlega á vesturhlíð. Árið 1995 var húsið stækkað umtalsvert með viðbyggingu (til austurs) úr timbri á steinsteyptum sökkli en það gerðu þau Jón E. Eiríksson og S. Fjóra Benediktsdóttir. Það hús er skráð sem sérstakt íbúðarhús í fasteignamati og er það 80 m2 stórt. Veggir eru klæddir trapisujárni en bárujárn á þakinu. Húsið virðist allt vera í góðu ástandi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Húsið er samsett úr tveimur byggingum frá mismunandi tímum og hefur takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er á bæjarhól jarðarinnar og hefur menningarsögulegt gildi sem slíkt
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er á bæjarhól jarðarinnar og er kjarni þeirrar byggðar sem þar hefur verið og hefur gildi sem slíkt
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er í tveimur þörtum og eldri hluti þeirra er því nokkuð breyttur, einnig hefur verið breytt um þakgerð þannig að húsið er talsvert breytt frá fyrstu tíð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í ágætu ástandi

Varðveislugildi: Miðlungs

Húsin eru íbúðarhús á bæjarhól og hafa gildi sem slík þótt listrænt gildi sjálfrar byggingarinnar sé takmarkað

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Margrét, Bjarni og Þórður Vilmundarbörn
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Útihús á timburgrind

Upphafleg notkun: Landbúnaður
 Núverandi notkun: Landbúnaður



Fjárhúsin sumarið 2020



Fjárhúsin sumarið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Fjárhús og hlaða voru byggð 1969 um 60-70 m austan við eldra íbúðarhúsið á Mófellsstöðum. Þau eru innan gamla heimatúnsins eins og það er afmarkað á túnakorti árið 1918 en ekki virðast hafa staðið hús á þessum stað þá samkvæmt kortinu. Fjárhúsin standa norðar en hlaðan er þvert á þau sunnan við. Húsin eru bárujárnsklædd á timburgrind, með bárujárnsþökum. Lítil skúrbygging er einnig við húsið vestanvert. Samkvæmt Byggðum Borgarfjarðar (II, bls. 236) sem kom út 1989 voru fjárhúsin þá fyrir 280 fjár og hlöður á jörðinni samtals á jörðinni 1472 m³ en geymslur 90 m².

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einföld útihús með takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af sögu jarðar en ekki mikið menningarsögulegt gildi þess fyrir utan.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af sögu jarðar en ekki mikið umhverfisgildi þess fyrir utan.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsin virðast nokkuð upprunaleg.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin virðast í ágætu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsin eru í ágætu ástandi og hafa gildi fyrir sögu jarðarinnar en ekki mikið varðveislugildi þess fyrir utan

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Vilmundur Jónss. & Guðfinna Sigurðard.

Upphafleg notkun: Landbúnaður

Hönnuður: Ekki þekktur

Núverandi notkun: Landbúnaður

Upphaflegur byggingarstíll: steinsteypt útihúsasamstæða



Útihúsasamstæðan ágúst 2020



Útihúsasamstæðan ágúst 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Fjós, hlaða og fleiri tengdar byggingar eru sunnan við eldra íbúðarhúsið á Mófellsstöðum. Húsin eru steinsteypt og sambyggð með bárujárnsþökum. Elsta húsið virðist hlaða sem byggð var 1930 en skúr var byggður 1943. Stærstur hluti húsanna er þó frá 7. áratugnum en fjós og haughús voru byggð 1960 og mjólkurhús 1963. Árið 1977 eru svo hesthús og vélageymsla byggð við samstæðuna. Samkvæmt Bygðum Borgafjarðar (II, bls. 236, frá 1989) var þá fjós 22 nautgripi á jörðinni og hesthús með 3 básum. Útihúsasamstæðan samanstendur af 4-5 samtengdum húsum, nokkuð misjöfnum að gerð og stærð en öll eru þau með steinsteypt, með bárujárnsklæddu mænisþaki.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einföld útihúsasamstæða með takmarkað listrænt gildi
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Menningarsögulegt gildi húsana er fólgið í sögu jarðarinnar og telst í meðallagi
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi í umhverfi sínu sem hluti af húsum í heimatúni jarðarinnar
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsin voru byggð á löngu skeiði og hafa breyst mikið frá því fyrsta húsið var byggt
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin virðast í sæmilegu ástandi

Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsin hafa helst gildi sem hluti af sögu jarðar
-------------------------	----------	---

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Stofnfugl

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt iðnaðarhúsnæði

Upphafleg notkun: Iðnaður

Núverandi notkun: Iðnaður



Grundir sumarið 2020



Grundir sumarið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Um 400 m ANA við íbúðarhúsin á Mófellsstöðum er iðnaðarhúsnæði í eigu Stofnfugls. Þar er eldisstöð hæsna fyrir hæsnaþú sem rekið er við Elliðavatn. Samkvæmt fasteignamati var eldishúsið reist 1998 og vararafstöð við það 2005 og er byggingarnar samtals tæpir 500 m². Húsið er steinsteypt verksmiðjubygging með mænisþaki og sjö loft-túður ganga upp úr miðju þakinu. Lítil skúr er sunnan við húsið og lítil viðbygging að vestan.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Húsið hefur ekkert listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið tengist ekki umhverfi sínu eða sögu þess á nokkurn hátt.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið tengist ekki umhverfi sínu eða sögu þess á nokkurn hátt.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist hafa breyst lítið frá upprunalegri mynd.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í ágætu ástandi.

Varðveislugildi: Lágt Húsið er einfalt iðnaðarhúsnæði á svæði þar sem ekki var áður byggð.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Margrét, Bjarni og Þórður Vilmundarbörn
Hönnuður: Baldur Friðriksson
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Mófellsstaðir, BB II, 236



Mófellsstaðir, ágúst 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:	Trapisujárn	Trapisujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Ris; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari	Einlyft; Ris; Reykháfur; Svalir; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Á Mófellsstöðum standa tvö íbúðarhús á bæjarstæðinu. Mófellsstaðir 2 er frá 1926 en Mófellsstaðir (skammt norðar) var byggt árið 1982 samkvæmt Fasteignamati en húsið teiknaði Baldur Friðriksson 1980 (varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands, Byggingarstofnun landbúnaðarins BC/26 BS-teikningar íbúðarhús 06-3460). Húsið er nyrst á gamla bæjarhólnum og er samkvæmt fasteignamati 296,4 m2 stórt. Ekki eru skráð útihús undir þessi jarðarnúmeri og er landnúmerið á "íbúðarhúsalóð". Húsið er með mænisþaki (norður-suður) og er úr timbri á steinsteyptum kjallara sem er að fullu niðurgraffinn að sunnan en að norðan er hann ekkert niðurgraffinn og á norðurenda eru tvennar bílskúrsdyr. Veggir aðalhæðarinnar eru klæddir trapisujárni en bárujárn er á þakinu. Húsið virðist vera í góðu ástandi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt hús sem hefur ekki sérlega hátt listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur eitthvert gildi sem annað af tveimur íbúðarhúsum á lögbýlisjörð.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið hefur eitthvert gildi sem annað af tveimur íbúðarhúsum á lögbýlisjörð.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist hafa tekið litlum breytingum frá því að það var byggt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu virðist vel við haldið og er í góðu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er á bæjarhólnum ásamt eldra húsi og er í góðu ástandi og hefur því ágætt varðveislugildi
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Þórður & Vilmundur Jónssynir og Guðfinna Upphafleg notkun: Íbúð

Sigurðardóttir

Núverandi notkun: Íbúð

Hönnuður: Þórður Jónsson



Mófellsstaðir 2, úr Aðalskipulagi Skorrad.hr



Mófellsstaðir 2, ágúst 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Ris; Reykháfur; Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris; Kjallari		

Saga:

Eldra íbúðarhúsið á Mófellsstöðum er íbúðarhús Þórðar blinda Jónssonar (1874-1962) sem telst nú Mófellsstaðir 2. Undir landnúmerinu er aðeins skráð "Íbúðarhúsalað" en öll útihús og jörðin sjálf skráð undir "Mófellsstöðum". Samkvæmt fasteignamati er húsið byggt 1926, en ekki er gefin upp stærð þess þar. Til er lýsing á húsinu frá 1940 en þar segir: "Úr timbri. Kjallari, hæð og rishæð fyrir geymslu. Stærð 7,5 x 7,5 m auk inngangsskúrs. Á hæðinni: 3 herbergi og eldhús. Í kjallara: smíðastofa og geymslur. Ofn. Vatnsleiðsla". (Byggingalýsingar 1940, Skorradalshreppur).Samkvæmt BB (bls. 236) er húsið 217 m3. Húsið stendur á bæjarhólnum en eldri bær, sá sem stóð fram til 1926 var um 10 m norðvestar á bæjarhólnum og sjást nú engin ummerki um hann. Húsið er timburhús, ein hæð með bröttu mænisþaki á steinsteyptum kjallara. Húsið snýr í norður-suður og við norðurgafliinn er einlyft skúrbygging með lágu, einhalla þaki. Í kjallaranum var moldargólf að hluta en þar var áður kolageymsla. Timburgólf eru í hluta kjallara þar sem var verkstæði Þórðar blinda. Skólastofa var þar fyrir ofan þegar farskóli var í húsinu. Á síðustu árum hefur verið unnið að því að gera húsið upp. Veggir og þak er klætt nýlegu bárujárni, en vikið hefur verið frá gömlum handverkshefðum í nokkrum atriðum. Flestir gluggar hafa verið endurnýjaðir í upphaflegri mynd. Húsið virðist vera í góðu ástandi. Að sögn eiganda og leigjanda stendur yfir viðgerð innandyrna. Í upplýsingum frá Minjastofnun Íslands um húsið frá 2013 kemur fram að sumarið á undan hafi verið skipt um gler og sett tvöfalt gler í glugga og hafi þeir gluggar sem Þórður blindi smíðaði verið látnir halda sér en skipt um fúna pósta og gert við skemmdir. Við framkvæmdir hafi komið í ljós að grind húsans var byrjuð að fúna, sérstaklega undir gluggum og í kjölfarið hafi verið gerðar áætlanir um frekara viðhald. Samkvæmt sömu upplýsingum stendur til að gera safn í húsinu sem yrði þá minnisvörður um Þórð blinda. Húsið hefur talsvert varðveislugildi. Það er elsta hús jarðarinnar og er fallega staðsett, á bæjarhólnum. Það hefur einnig sögulegt gildi sem heimili og verkstæði Þórðar blinda. Ekki fannst teikning eða mjög gömul mynd af húsinu en það hefur tekið einhverjum lítilsháttar breytingum í gegnum tíðina. Inngönguskúr var byggður við það að norðan og dyr sett á norðurhúsgafl þar fyrir ofan (væntanlega hluti af brunavörnum). Strompur hefur einnig verið fjarlægður.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsið er einfalt af allri gerð en í góðu ásigkomulagi.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er elsta íbúðarhúsið á jörðinni, þar var skólahald sveitarinnar á tímabili og þar bjó Þórður blindi sem smíðaði húsið.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er á bæjarhól lögbýlisins, í gamla túninu og er vel viðhaldið.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Fyrir utan viðbyggingu að norðan og að strompur hefur verið fjarlægður er húsið lítið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Unnið er að viðgerð á húsinu og er ástand þess gott.
Varðveislugildi:	Hátt	Vel við haldið hús með áhugaverða sögu.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Jón E. Jónsson
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Steinst. útihúsasamst.

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: Úr notkun



Fjárhúsin, sumarið 2020



Fjárhúsin sumarið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárújárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Steinsteypt fjárhús standa um 270 m sunnan við íbúðarhúsið í Neðra-Hreppi og neðan eða sunnan við Mófellsstaðaveg. Húsin eru langt utan marka gamla heimatúnsins eins og það er sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega hafa ekki staðið hús á þessum stað fyrr en þessi hús voru byggð árið 1955. Samkvæmt Byggðum Borgarfjarðar (bls. 237) voru fjárhúsin fyrir 200 fjár. Húsin samanstanda af fjárhúsum norðvestar og hlöðu að baki. Nokkuð virðist síðan þau voru síðast í notkun og eru hlöðuveggir að hluta til fallnir og húsið í afar slæmu ástandi.

Varðveislumat:		
Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einföld útihús með takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af sögu jarðar en ekki mikið menningarsögulegt gildi þess fyrir utan.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af sögu jarðar en ekki mikið gildi þess fyrir utan.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin virðast fremur lítið breytt þótt gluggagerð hafi verið breytt á norðurhlið og hluti hlöðuveggja sé niðurfallinn.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið er illa farið.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið sjálft hefur ekki mikið varðveislugildi.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Jón E. Jónsson
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Steinst. útihúsasamstæða

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: Úr notkun



Útihúsasamstæðan 2020



Útihúsasamstæðan 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Viðbygging	Einlyft		

Saga:

Útihúsasamstæða er nálægt þeim stað þar sem heimreiðin að Neðra-Hreppi liggur frá Mófellsstaðavegi og samanstendur hún af 3-4 húsum. Húsin hafa verið skammt suðvestan við mörk gamla heimatúnsins eins og þau eru sýnd á túnakorti frá 1918. Samkvæmt fasteignamati voru elstu húsin á þessum stað fjós og hlaða byggð 1947 en mjólkurhús var byggt við það ári síðar, votheysgryfja árið 1952 og hesthús árið 1955. Samkvæmt Byggðum Borgarfjarðar var fjósið fyrir 14 nautgripi. Öll húsin eru með steinsteyptum útveggjum og bárujárn á þökum. Veggir fjóssins eru tvöfaldir og einangrun í holrúminu milli þeirra og er það nokkuð óvenjulegt byggingarlag á útihúsi. Gluggar og gluggapóstar í fjósinu eru gerðir úr steinsteypu og upphaflega hefur glerið verið sett í fals í steypuna. Svo er enn í a. m.k. tveimur glugganna. Jóhann Franklín Kristjánsson sem var ráðunautur bænda í byggingarmálum frá 1914 kenndi bændum að byggja tvöfalda steinsteypuveggi eftir hugmyndum Guðmundar Hannessonar læknis og Guðmundur var upphafsmaður tilrauna til að gera glugga úr steinsteypu. Við norðurgaffl fjóssins má sjá ummerki eða rúst haughúss þar sem op eru í gaflinum úr fjósflórnum. Spor eftir þak haughússins sést á gaflinum. Gluggi efst á norðurgaffli fjóssins er úr steinsteypu, fjórskiptur. Hlöðuveggirnir eru mótaðar að innan eftir bárujárn í steypumótum og eru áferðarfallegir bæði að innan og utan. Steinsteypa þessara húsa hefur veðrast allmikið og áferð hennar er margbreytileg og falleg.

Þegar húsið var skoðað var ljóst að uppi voru hugmyndir um að rífa það og var það gert skömmu eftir að úttektin var gerð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Útihúsasamstæða en húsin eru nokkuð sérstök að gerð og hafi því nokkurt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af sögu jarðar en ekki mikið menningarsögulegt gildi þess fyrir utan.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin hafa gildi sem hluti af sögu jarðar en ekki mikið umhverfisgildi þess fyrir utan.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin eru byggð á 4-5. áratugnum og virðast hafa breyst fremur lítið síðan þá.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsin teljast ónýtt sem slík.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Kanna mætti möguleika á því að fjarlægja úr húsunum því timbur og bárujárn og leyfa steinsteypuhlutanum að standa áfram sem rúst.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Einar Jónss.,Jóhanna Hauksd.
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt einingahús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Neðri-Hreppur, BB II, 237



Íbúðarhúsið Neðri-Hreppi 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steyptar einingar	Steyptar einingar		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris		

Saga:

Gamli bærinn í landi Neðra-Hrepps var um 55 SSV við núverandi íbúðarhús. Síðasta húsið sem var byggt á þeim stað reis árið 1913 og var úr steypu og timbri og var 290 m3 skv. Byggðum Borgðafjarðar (bls. 237). Til er lýsing af því húsi frá 1940 en samkvæmt henni er síðasta húsið á þessum stað sagt úr timbri og byggt 1905. Þar segir: "Úr timbri járnvarið á steinst. kjallara, hæð og port. Stærð 7,6 x 5,8 m. Á hæðinni: eldhús og 2 herbergi. Í porthæðinni: 3 herbergi. Í kjallara: geymsla. Lélegt" Húsið var rífið eftir 1990. Þegar túnakort er gert fyrir jörðina 1918 stóðu útihús á þeim stað sem íbúðarhúsið stendur nú en það var byggt 1974. Húsið er steipt einbýlishús á einni hæð og er 480 m3 að stærð (stærð ekki uppgefin í fasteignamati). Húsið er byggt úr steinsteyptum einingum með bárujárnsþaki. Það virðist vera í góðu ástandi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einfalt einingahús með takmarkað listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur gildi sem yngsta íbúðarhúsið á lögbylisjörð.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er í jaðri gamla heimatúnsins og hefur gildi sem yngsta íbúðarhúsið sem eftir stendur í heimatúninu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist lítið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu virðist vel við haldið og er í góðu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs

Húsið hefur gildi sem yngsta íbúðarhúsið í landi Neðri-Hrepps. Það er í góðu ástandi en hefur e.t.v. ekki mikið listrænt gildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Kristófer Guðmundsson
 Hönnuður: Kristófer Guðmundsson
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt timburhús

Upphafleg notkun: Bílskúr
 Núverandi notkun: Úr notkun



Bílskúr í ágúst 2020



Bílskúr í ágúst 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steyptir sökkjar í	Steyptir sökkjar í		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Nokkru sunnan við íbúðarhúsið á Stóru-Drageyri og norðan malarveginn inn Skorradal er lítið timburhús með mænisþaki. Það var byggt 1959 sem bílskúr en var seinna notað sem geymsla fyrir heyrinnsluvélar. Húsið var upphaflega byggt af Kristófer Guðmundssyni sem bílskúr fyrir Landrower 1954 M385. Húsið er nokkuð vandað miðað við að um sé að ræða gamlan bílskúr, það var raflýst, veggir eru einangraðir með torfi eða mó og klæddir bæði að utan og innan með timbri. Yst er bárujárn á veggjum og þaki. Ummerki eru um reyksháf utan á austurgafflinum. Stórar dyr eru á vesturgaffli en gluggar á þeim eystri og suðurhlíð. Þakrennur hafa verið á langhlíðum. Húsið virðist orðið mjög lélegt og ekki virðist sérstök ástæða til varðveislu. Húsið er ekki talið upp í Byggðum Borgarfjarðar (BB II, bls. 240).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einfalt hús sem byggt var sem bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið aðeins í notkun um stutt skeið og hefur lítið gildi í sjálfu sér.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er hluti af mannvirkjum í heimatúni Stóru-Drageyrar og hefur eitthvert gildi sem hluti af þeirri heild.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið líklega lítið breytt.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið er orðið heldur lélegt og bárujárn byrjað að losna af því.

Varðveislugildi: Lágt Húsið er einfalt, var aðeins í notkun um stutt skeið og er nú í lélegu ástandi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Ágúst Ágústsson

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús, sumarbústaður

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Fell sumarið 2020, ekki til gömul ljósmynd



Fell sumarið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:		Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Kjallari	Einlyft; Ris; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Austarlega í landi Stóru-Drageyrar er íbúðarhúsið Fell, sem reist var árið 1998. Húsið er úr timbri og stendur á steinsteyptum stólpum. Það er um 65 m² að stærð. Húsið var byggt í tveimur hlutum 1998 og var húsið lengt til suðausturs og eldhúsið flutt þangað og geymsla gerð við austurhlíð. Útveggir eru klæddir láréttum borðum en bárujárn er á mænisþaki. Lítið ris er á húsinu og gluggi er á því að norðan. Aðgengi að hálfniðurgrofnum kjallara er einnig að norðanverðu. Húsið er í mjög ásigkomulagi og bæði hús og umhverfi ber vott um natni og umhyggju. Eigandi Fells er Ágúst Árnason fyrrverandi skógarvörður Skógræktar ríkisins í Skorradal. Hann bjó í Hvammi 1959–2000. Þegar hann lét af störfum kom Sigurður Blöndal skógræktarstóri því til leiðar að honum var heimilað að byggja íbúðarhús í stað frístundahúss á lóð sem skilin var frá Stóru-Drageyri. Byggt var við húsið að austanverðu strax eftir að það var komið í notkun. Lítið skúr, gestakofi og eða geymsla er fast norðan við húsið og ekki skráð sérstaklega.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Húsið er snyrtilegt og velbyggt hús af einfaldri gerð en hefur fremur lítið listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er heilsárshús á svæði sem annars er sumarbústaðabyggt í landi Stóru-Drageyrar og hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er eina heilsárshúsið á þessum slóðum og hefur ekki mikið umhverfisgildi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er ungt og lítið breytt en þó hefur verið byggt við það að austan.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi og því og umhverfi þess vel við haldið.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur ekki mikið gildi í sjálfa sér eða fyrir sögu svæðis en það virðist vel byggt og er vel viðhaldið.
-------------------------	----------	---

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Guðmundur Guðbrðss.& Guðrún Vernh.d. Upphafleg notkun: Landbúnaður
Hönnuður: Ekki þekktur Núverandi notkun: Úr notkun
Upphaflegur byggingarstíll:



Hesthúsið síðsumars 2020



Hesthúsið á Stóru-Drageyri, ágúst 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	timbur	timbur		
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:	Einhalla (skúrpak)	Einhalla (skúrpak)		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Tréstaurar	Tréstaurar		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Lítill bárujárnsklæddur kofi er skammt austan við íbúðarhús Stóru-Drageyrar og fast sunnan við malarveg um svæðið. Af Byggðum Borgarfjarðar má skilja að húsið hafi verið hesthús og hlaða. Húsið stendur á bæjarhól jarðarinnar og hefur verið reist eftir að bærinn var fluttur á núverandi stað, einhvern tíma á tímabilinu 1925-1966. Húsið er lítið og einfalt að gerð. Það samanstendur af einfaldri timburgrind sem klædd er bárujárni og er með einhalla þaki. Það er klætt að utan með stagbættu og ryðguðu bárujárni. Húsrymi að innan er skipt í þröngt hesthús að austan og nokkuð stærra hlöðu að vestan. Húsið hefur staðið opið fyrir veðrum og vindum um langt skeið og er líklega ónýtt. Talsverð fokhætta er af húsinu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Húsið er einfalt og óvandað skepnuhús í slæmu ástandi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er einfalt og óvandað skepnuhús í slæmu ástandi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er hluti af þeim húsum sem reist voru í túni lögbýlisins Stóru-Drageyrar og hefur eitthvert gildi sem slíkt.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er líklegast lítið breytt en var óvandað að uppruna.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið hefur staðið opið fyrir veðrum og vindum um langt skeið og er líklega ónýtt.

Varðveislugildi: Lágt Húsið er einfalt og óvandað skepnuhús í slæmu ástandi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Guðmundur Guðbrðss.& Guðrún Vernh.d. Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður: Ekki þekktur Núverandi notkun: Úr notkun
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík



Stóra-Drageyri BB II, 240



Stóra-Drageyri í ágúst 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp	Nýrðri hluti hússins yngri. Líklega áður verið inngönguskúr á norðurhlíð	
Útveggir:		Klætt með trapisujárni		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárújárn		
Undirstaða:	Hraungrýti/grjót	Hraungrýti/grjót		
Útlit:	Einlyft; Reykháfur; Kjallari	Einlyft; Reykháfur; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Íbúðarhúsið á Stóru-Drageyri er steinsteyp og byggt 1924. Áður stóð bærinn skammt austar og er þar greinilegur bæjarhóll en á honum stendur nú illa farinn kofi, líklega hesthús skv. skýrslu um aðalskráningu fornleifa á svæðinu (Kristborg Þórsdóttir o.fl.. 2019). Til er lýsing á húsinu frá 1940 en þar segir: "Steinbær með kjallara. Þak járnv. Stærð 7 x 4,4 x 3,4 m. Viðbygging 1936 úr steinsteypu. 7 x 3 x 2 m. Án Kjallara. Ofn" (Byggingalýsingar 1940, Skorradalshreppur). Íbúðarhúsið er 114 m3 samkvæmt Byggðum Borgarfjarðar (II, bls. 240) en stærðar er ekki getið í fasteignamati. Grunnflötur hússins er 55 m2. Í húsinu bjuggu allt að 8 manns samkvæmt heimildamönnum. Jörðin fór í eyði í árslok 1966. Hestamannafélög hafa haft svæði til umráða en Skógrækt ríkisins ráðið yfir mestum hluta jarðarinnar og þar er hafin skógrækt. (BB II, 240). Fjallað er um húsið í Eyðibýli á Íslandi (bindi III, bls. 133). Húsið er lítið og lágreist og hefur haft tvöfalt mænisþak sem nú er að mestu fallið inn húsið. Steinsteyptir útveggir hvíla á undirstöðum úr grjóti. Húsið er byggt í tveimur áföngum og er eldra húsið sunnar. Það er með tvöföldum útveggjum með einangrun í holrúminu, líklega mulinn mór. Langveggir eru lágir og gluggalausir. Gluggar á báðum göflum. Húsinu er skipt í tvennt með þvervegg og reykháfur í miðju. Timburgólf er í stærstum hluta hússins. Líklega hefur verið inngönguskúr við norðurhlíðina en síðar reist viðbygging í stað skúrsins með mænisþaki sem snýr þvert á stefnu upphaflega hússins. Samkvæmt byggingalýsingu frá 1940 byggð 1936 en þó virðist hluti af timbri í það koma frá bandaríska hernum og hafa verið afaganstimbir eða úr timburkössum af einhverri tegund þannig að sá hluti er líklega byggður/klæddur seinna eða á stríðsárunum/eftirstríðsárunum. Útveggir eru steinsteyptir, einfaldir. Allt húsið hefur verið klætt að utan með trapisujárni. Allir gluggar hafa verið endurnýjaðir, sennilega þegar húsið var klætt með járni, og eru þeir með breyttu sniði frá upphaflegu. Í því rými þar sem var eldhús sést að holrými er undir gólfi en það virðist grunnt og ber þess ekki merki í dag að þar hafi verið manngengt. Líklega hefur húsið verið byggt eftir leiðsögn frá byggingarráðgjafa bænda. Tvöfaldir, steinsteyptir veggir voru merkileg tækninýjung sem þróaðist á tímabilinu 1914-1930 undir handarjaðri byggingarráðgjafanna en hugmyndin verður rakin til Jóns Þorlákssonar verkfræðings og Guðmundar Hannessonar læknis. Húsið hefur verið í eyði um áratugaskeið og hefur látið verulega á sjá, sérstaklega frá 2010. Veðurhjúpur þess er opinn og það er nálægt því að teljast ónýtt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsagerð sem einkennir ákveðið þróunarstig húsagerðar í dreifbýli hér á landi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur gildi sem hluti af byggðarsögu Skorradals.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er síðasta íbúðarhúsið á jörð sem nú hefur lagst í eyði og hefur gildi sem kjarni þeirrar sögu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur tekið fremur litlum breytingum.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Ekki hefur verið búið í húsinu um áratugaskeið og það er í fullkominni niðurníðslu.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er illa farið og líklega ónýtt. Hugsanlega mætti láta steinsteypa hluta þess standa en fjarlægja annað efni – rúst hússins gæti haft fagurfræðilegt gildi.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Haukur Engilbertsson
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: Landbúnaður



Fjárhús og hlaða haustið 2020



Fjárhús og hlaða haustið 2020

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Um 210 m vestur af íbúðarhúsinu á Vatnsenda standa fjárhús með áburðarkjallara og hlaða sem byggð voru 1971-1972 samkvæmt Fasteignamati. Á sama stað stóð áður lítið fjárhús samkvæmt túnakorti frá 1918. Fjárhúsin eru sunnar og virðast 2-3 samsíða hús, en norðar er hlaða sem snýr þvert á fjárhúsin eða austur-vestur. Öll húsin eru undir mænispaki og eru þak og hús klædd bárujárn. Samkvæmt Byggðum Borgarfjarðar (bls. 241) voru á jörðinni fjárhús fyrir 300 fjár. Samkvæmt bókinni var byggt fjárhús á jörðinni með áburðarkjallara árið 1971 og var það 106,2 m² stórt og hlaða sama ár 220,2 m². Ári síðar er skráð nýbyggt annað fjárhús með áburðarkjallara 213,3 m² stórt. Haukur Engilbertsson bóndi veitti ekki leyfi fyrir því að gengið yrði um túnin á Vatnsenda til að skoða og ljósmynda hús vegna húsaskráningar. Myndir voru teknar af húsunum úr fjarlægð og lausleg athugun byggir á þeim og heimildum.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Engilbert Runólfsson
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Vatnsendi, BB II, 241



Íbúðarhús á Vatnsenda, mynd frá 2017

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið á Vatnsenda stendur á svipuðum stað og gamli bærinn stóð áður en hann var þó 20-30 m suðvestar. Á þessum stað var mikill bæjarhóll en hann var talsvert skemmdur þegar íbúðarhús og fjós voru byggð og samkvæmt fornleifaskráningarskýrslu þá rutt allt af 2 m ofan af honum (Kristborg Þórsdóttir. 2019, 145). Samkvæmt lýsingu stóð þarna steinsteypt hús 1940: "Úr steinst., kjallari og hæð. Stærð 6,25 x 4,95 m. Á hæðinni: 2 herbergi og eldhús. Í kjallara, geymsla. Miðstöð og vatnsleiðsla. Endurbætt 1939". (Byggingalýsingar 1940, Skorradalshreppur). Í Byggðum Borgarfjarðar eru talin upp tvö íbúðarhús steipt, annað byggt 1943 og hitt 1967 (BB, 241) og sama kemur fram í fasteignamati en þau eru samtengd. Af ljósmyndum að dæma er eldra húsið vestar og er inngönguskúr byggður við það að norðan og líklega sólskáli að sunnan. Yngra húsið snýr norður-suður og stendur austar. Kjallari eru undir húsunum. Bæði húsin eru undir mænispaki sem kætt er bárujárn. Samkvæmt Byggðum Borgarfjarðar er húsið frá 1943 321 m³ en yngra hús frá 1967 236 m³. Við gerð húsakönnunar í Skorradalshreppi hafnaði Haukur Engilbertsson eigandi Vatnsenda því að veita leyfi fyrir því að gengið væri um svæðið til að taka út gerð húsanna og ljósmynda þau. Sú samantekt sem fylgir að ofan byggir því á heimildum og ljósmyndum sem teknar voru af húsunum úr fjarlægð en ekki var unnt að ákvarða varðveislumat húsanna eða gera nánari grein fyrir gerð þeirra og einkennum sökum þessa.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Haukur Engilbertsson
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: Landbúnaður



Vélageymslan úr fjarlægð 2020



Vélageymslan 2020

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Stakstæð bygging, vélageymsla, er um 30 m norðaustan við íbúðarhúsið í Vatnsenda. Byggingin er innan gamla heimatúnsins eins og það var árið 1918 en engin bygging stóð þá á þessum stað og er húsið sem byggt var 1980 líklega fyrsta húsið sem rís á þessum stað. Húsið er samkvæmt fasteignamati véla/verkfæraskemma og geymsla. Samkvæmt fasteignamati var vélageymslan 103,7 m² og geymslan 42 m². Byggingin er einföld og snýr austur-vestur. Mænisáspak klætt bárujárn er á því og húsið sjálft er líklega með timburgrind og er klædd bárujárn. Stórar skemmudyr eru á vesturgaffli. Við gerð húsakönnunar í Skorradalshreppi hafnaði Haukur Engilbertsson eigandi Vatnsenda því að veita leyfi fyrir því að gengið um bæjarhlaðið til að taka út gerð húsanna og ljósmynda hús þau. Sú samantekt sem fylgir að ofan byggir því á heimildum og ljósmyndum sem teknar voru af húsunum úr fjarlægð en ekki var unnt að greina leggja ákvarða varðveislumat húsanna eða gera nánari grein fyrir gerð þeirra og einkennum sökum þessa.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Haukur Engilbertsson

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Landbúnaður

Núverandi notkun: Landbúnaður



Útihúsasamstæðan úr fjarlægð, haustið 2020



Útihúsasamstæðan úr fjarlægð, haustið 2020

Gerð húss: Upphafleg**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Mikil útihúsasamstæða er á Vatnsenda skammt norðan við íbúðarhúsið á jörðinni og á bæjarhólnum. Samkvæmt upplýsingum í fasteigamati risu húsin flest á 6. og 7. áratug 20. aldar og voru tvö fjós með áburðarkjallara, mjólkurhús, votheysturn, flatgryfja, votheysgrifja og hlaða. Samkvæmt Byggðum Borgarfjarðar (bls. 241) voru þá á jörðinni fjós með haughúsi undir 28 kýr og 20 geldneyti. Samstæðan samanstendur af 4-5 húsum sem öll virðast undir mænisáspaki sem klætt er bárujárni. Við gerð húsakönnunar í Skorradalshreppi hafnaði Haukur Engilbertsson eigandi Vatnsenda því að veita leyfi fyrir því að gengið um bæjarhlaðið til að taka út gerð húsa og ljósmynda hús þau. Sú samantekt sem fylgir að ofan byggir því á heimildum og ljósmyndum sem teknar voru af húsunum úr fjarlægð en ekki var unnt að greina leggja ákvarða varðveislumat húsa eða gera nánari grein fyrir gerð þeirra og einkennum sökum þessa.

Varðveislumat:

Lístrænt gildi / Byggj. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar: